V/4.2

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	**SKÝRSLA** YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	**RLS**

Skýrslu gerir	Mál nr.	
Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi	006-2002-0086	
Staður og stund:		
Reykjavík, 10.02.2003		

Sakarefni:
Ætluð brot á ákvæðum XXVI. kafla alm. hgl., bókhaldslaga, laga um ársreikninga, laga um hlutafélög ofl.

Sakborningur/grunaður:	Kennitala:
Jón Ásgeir Jóhannesson	270168-4509
Starf/staða:	Vinnusími:
Stjórnarformaður Baugs group ehf.	530-5520
Lögheimili:	Sími:
Laufásvegur 69, Reykjavík	696-9999
Dvalarstaður:	Sími:

Jón er mættur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans skv. boðun. Honum er kynnt að til standi að yfirheyra hann um þann þátt þessarar rannsóknar sem snýr að útgáfu, meðferð og færslum kreditreikninga frá Nordica Inc og SMS í Færeyjum, sem dags. eru 30.06. 2001 í bókhaldi Baugs Group hf. Með Jóni er mættur Helgi Jóhannesson hrl., en hann er skipaður verjandi Jóns.
Jóni er tjáð að hann sé hér með réttarstöðu sakbornings og þurfi ekki að svara spurningum sem varða það sakarefni sem að honum snýr en jafnframt er fyrir honum brýnt að skýra satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta.

Jóni er kynnt að yfirheyrslan verði hljóðrituð en hann síðan boðaður til að yfirfara endurrit og undirrita það þegar það liggur fyrir eftir nokkra daga. Þá geti hann borið endurritið saman við hljóðupptökuna.

Stjórnandi yfirheyrslunnar er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi en honum til aðstoðar eru Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og Erna Björg Jónmundsdóttir, lögreglufulltrúi.

Hljóðupptaka hefst kl. 11:25.

Kl.12:12 er gert hlé á meðan skipt er um spólu 1 (hlið B).
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 12:13.

Kl. 12:41 er gert hlé á meðan skipt er um spólu og geisladiska.
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 12:46.

Kl. 13:18 lýkur hljóðupptöku.

Lauk kl. 1324.

Upplesið staðfest rétt: Jón Ásgeir Jóhannesson.

Skýrsluna skráði: Erna Björg Jónmundsdóttir.

Viðstaddir yfirheyrsluna:

S. Magnússon

06934

I/4.2.1

10. febrúar 2003, klukkan 11:25, þá er hér mættur samkvæmt boðun Jón Ásgeir Jóhannesson. Það er búið að kynna fyrir honum ætlað sakarefni og hans réttarstöðu og þau ákvæði sem gilda um réttarstöðu hans. Með honum er Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, sem er skipaður verjandi hans. Það er gerð sérstök skýrsla um framkvæmd yfirheyrslunnar þar sem þessi ákvæði eru tíunduð og hún verður síðan undirrituð í lokin.

Í yfirheyrslunni eru Sveinn Ingiberg Magnússon lögreglufulltrúi, sem mun stjórna spurningum í yfirheyrslunni. Arnar Jensson aðstoðaryfirlögregluþjónn sem mun taka þátt í yfirheyrslunni og Erna Björg Jónmundsdóttir lögreglufulltrúi, sem mun sjá um tæknilegu hliðina.

SM. Eins og búið er að kynna þér að þá ætlum við að fara yfir við þessa yfirheyrslu, tvo kreditreikninga sem tekjufærðir voru í bókhaldi Baugs Group, við milliuppgjör í ágúst 2001, það eru kreditreikningar frá Nordica í Bandaríkjunum og SMS í Færeyjum. Svona í upphafi þá er kannski rétt að fara aðeins yfir fyrri framburð þinn frá því 29. ágúst 2002 og þar sem þú hafðir um þennan kreditreikning frá Nordica að segja þá. Ég les upp hérna orðrétt það sem er bókað eftir þér á þeim tíma. "Jón Ásgeir vill taka það fram að stór kreditfærsla hafi komið frá Nordica þann 30. ágúst 2001, þar sem Nordica sé að slá af viðskiptakröfum sínum gagnvart Baugi hf., samtals að fjárhæð 589.890 bandaríkjadali, komi það á móti þessum styrkgreiðslum Baugs til Nordica. Þannig hafi þessi viðskipti þeirra verið jöfnuð út að mestu, þó halli enn á Baug hf., um 7,5 milljón króna. Til að skýra þetta nánar segir Jón Ásgeir að mismunurinn á því sem þeir hafi greitt til Nordica í formi ráðgjafar og kreditfærslunni sé 7,5 milljónir króna. Jón Ásgeir segir að þessi kreditreikningur frá Nordica hafi verið fært sem tekjur í bókhaldi Baugs en sé ennþá ógreiddur. Hann segir að þessi krafa Baugs hf. á Nordica sé komin til innheimtu út í Bandaríkjunum. Svo lagðir þú fram ljósrit af þessum kreditreikningi og bréf frá KPMG, sem skýrði þennan reikning nánar og þú varst jafnvel spurður hvað hafi orðið um þennan kreditreikning í bókhaldi Baugs, þar sem að efni reikningsins gefi til kynna verið sé að veita afslátt vegna vöruskemmda, rýrnunar á vörum frá

STAÐFESTING LJÓSRITUNAR
Ljósrit af frumriti
2 0 MAR 2003
Ríkislögreglustjórinn

06935

Nordica, og ekkert hafi komið fram um að Nordica hafi selt Baugi vörur heldur Aðföngum.

Jón Ásgeir þú varst þá spurður á þeim tíma hvort ekki væri eðlilegra að kreditreikningurinn væri stílaður á Aðföng, sökum þess að texti reikningsins gefur til kynna að um sé að ræða reikning tengdan vörusölu og vörugjöldum. Þú svaraðir því á þeim tíma að Tryggvi hafi séð um þessi mál, hann segir að sá eftir á greiddi afsláttur berist oft til aðalskrifstofu Baugs hf. og nefnir sem dæmi Ávaxtahúsið hf., sem hafi veitt eftir á greiddan afslátt sem hafi farið í gegnum Baug og við kynntum þér jafnframt að þessir reikningar hafi ekki fundist við leit bókhaldi Baugs, sem framkvæmd var af lögreglu og endurskoðendum deginum áður og þú varst spurðum um skýringu á því. Og svarið sem þú gafst var að þú vissir ekki ástæðu þess. Nú sé það klárt að bókhaldsfærslan hafi verið skráð í bókhaldskerfi Baugs hf. Jón Ásgeir kveðst geta séð þess til að ef þessi kreditreikningur hafi ekki fundist í bókhaldi Baugs, geti verið að það sé vegna þess að verið sé að senda reikning í innheimtu. Er þetta rétt eftir þér haft?

JJ. Nei, það sem að ég var að reyna að skýra út, á þessum tíma var ballansinn á milli kredit og debet. Mér fannst lögreglan vera algjörlega á villigötum með hvað kredit og debet þýddi. Þarna í raun var ég á bara að stilla upp ballans, ef þú ert með 589 þúsund útistandandi og hafðir greitt þetta, þá væri ballansinn þetta, það var ekkert annað. Að öðru leyti er þetta ekkert tengt því máli. Þetta er bara fyrst og fremst kreditnóta og kemur fram í texta kreditnótunnar vegna og til hvers hún er komin og þarna var ég bara að reyna að varpa ljósi á það og mér sýnist þetta nú ekki alveg vera svona, meiningin muni ekki hafa komið þarna rétt á blað.

SM. Viltu þá breyta eða bæta einhverju við þennan framburð?

JJ. Ég vil bara segja að það sem ég vildi reyna að varpa ljósi á á þessum tíma var það, þarna kom í fyrsta skipti með það sem ætluðuð mér að hafa stolið 60 milljónum á þeim tíma út úr félaginu, þá er ég að sýna fram á að hérna var ég komin með kreditnótu, sem að hefur algjörlega öfug áhrif á efnahagsreikning félagsins, það er að segja að þarna er ekki verið að færa gjöld heldur verið að færa tekjur. Ég var bara að varpa ljósi á þennan ballans. Við vorum búnir að hnakk rífast um þetta fram og til baka, hvernig ætti að bæta Baug þetta upp og hvenær hann gæti borgað

06936

og allt það miðað við hans plön sem hann var búinn að setja á borðið fyrir okkur. Þetta er langt mál, þetta er eiginlega bara aftur til byrjun þegar Jón var að setja vitlausa vöru í gámana. Jón hefur sjálfur sagt það í viðtölum að það voru 70-80 milljónir sem voru bara fastar inn á lager, sem að voru vörur sem að annarsvegar höfðu ekki verið pantaðar. Hinsvegar þegar vörur koma inn til okkar þá eru þær alltaf afstemmdar miðað við birgðabókhald. Birgðabókhaldið er alltaf rétt og ef vantar eitthvað sem er á reikningnum í gáminn, þá er það að sjálfsögðu leiðrétt. Það er eiginlega það sem ég myndi vilja bæta við þetta.

SM. En þá það sem kemur þarna fram um að það sé verið að jafna út styrkgreiðslur Baugs?

JJ. Nei, það sem ég var að reyna að sýna fram á, ef að Baugur fær þetta greitt, þá er jöfnuður á milli, þessara 7 milljóna eða hvað sem það var, þú sérð að þetta eru aðskyld mál.

SM. Þannig að eins og það lítur út í síðustu skýrslu um að það sé beintenging á milli, það er ekki rétt þá?

JJ. Auðvitað þetta eru viðskipti við þetta fyrirtæki, þar er þessi beintenging. En kjarninn í þessari kreditnótu er vegna vörukaupa. Það sem að ég var að reyna að varpa ljósi á þarna, var það, að það væri ekki, ég var fyrst og fremst að skýra út hvernig ballansinn væri milli þessara debetnóta sem höfðu komið vegna rekstursins á Vöruhúsinu og þessara kreditnóta, og það var það sem að ég ætlaði að koma frá mér. Þannig að þú getur skoðað það sem breytingu, en ég held ég sé ekki bara aðeins að skýra það betur út hvað ég meinti.

SM. Síðar í þessari sömu yfirheyrslu frá því 29. ágúst 2002, þá vorum við að fara í gegnum aðkomu Tryggva að þessu. Þá varstu spurður ástæðu þess að Tryggvi sem fjármálastjóri Baugs, var hann ekki aðstoðarforstjóri á þessum tíma?

JJ. Yfirmaður fjármála.

SM. Ástæðu þess að hann væri að ræða uppgjör á bátnum við Jón Gerald, þar sem viðskipti með bátinn virðast fremur tengjast uppgjöri á kröfu Gaums hf. gagnvart Jóni Geraldi af orðum þínum að dæma, fremur Baugi, og þá skýrir þú það svo að aðild Tryggva að þessum málum hafi verið, skýrast á kreditreikningnum sem þú

06937

hafir verið að skýra frá við þessa yfirheyrslu. Tryggvi hafi aðallega verið að vinna að því að fá þennan reikning greiddan sem sagt kreditreikninginn.

JJ. Kreditreikninginn vegna, Tryggvi var aðallega að vinna, hann var bara að vinna fyrir Baug í þessu máli. Hann er yfirmaður fjármála, sér um að ganga eftir því að það sé greitt sem er útistandandi, það er lausnin.

SM. En geturðu skýrt það eitthvað nánar aðkomu Tryggva þá að því að innheimta þennan kreditreikning ?

JJ. Eins og þetta var sett upp á sínum tíma að þá var það þannig að við vissum vel að Jón átti ekki efni á þessu. Jón hafði hins vegar sagt að miðað við þessi plön sem að lægju á borðinu um hans viðskipti, að þá myndi hann geta greitt til baka á komandi árum, þess vegna var ekki farið í þessa hörku. Hinsvegar þegar við fengum hérna, ég ætla nú að leggja fram, ef þið eruð ekki búnir að fá það, bréf frá Wal-Mart, sem að kom okkur mjög í opna skjöldu og það sýndi okkur um að Jón væri ekki að segja okkur rétt og satt frá, þar sem að Wal-Mart sendir okkur bréf í júní, og segir okkur að Jón sé að halda því fram að við skuldum honum 400 þúsund dollara, og þess vegna sé Wal-Mart ekki að fá greiðslur. Þetta er algjörlega í andstöðu við það sem Jón var búinn að segja okkur, sagðist alltaf hafa peninga þar sem hann fengi greitt fyrir vörukaupin, færu beint til þessara birgja. Stuttu síðar fengum við heimsókn frá Flemming sem er annar stór birgi Jóns Geralds, sem að sagði sömu söguna. Á þessum tíma var algjörlega séð að Jón ætti ekkert fyrir sínum skuldum. Hvorki fyrir því sem hann var búinn að segja okkur að hann ætlaði að borga okkur til baka, eða að borga sínum birgjum. Eins og þið sjáið, þá er hann að segja við okkur og ballansinn í bókhaldi okkar sýnir allt aðra stöðu og endurskoðendur okkar geta skrifað upp á það.

SM. Þannig að þú leggur þetta bréf fram í þágu rannsóknar málsins?

JJ. Já, ég legg það fram til að sýna fram á, að Jón, af hverju kreditnótan var ekki farin fram til innheimtu, var vegna þess að við vorum í góðri trú að plönin hans Jóns ættu eftir að ganga eftir. Þegar þarna er komið og þetta bréf kemur, þá er náttúrulega séð að Jón hefur bara verið að fífla okkur með þeim upplýsingum sem hann sýndi okkur á sínum tíma um rekstur félagsins.

SM. Það er bókað þá inn, þetta er bréf frá Wal-Mart, dagsett 28. júní 2002, stílað á Jón Jóhannesson, CÍÓ hjá Baugi. Þannig að það er þá málið. Við höldum þá þessu ljósriti hérna.

JJ. Gjörðu svo vel. Líka aðeins til að bæta inn á, af því að fyrirtæki okkar virðist ekki njóta mikils trúverðugleika hjá lögreglu, að ég held að þarna sé komið mjög skýrt fram að það sem Jón er að greina frá er ekki alltaf satt og rétt.

SM. Skil ég þá rétt varðandi innheimtu á þessum kreditreikningi að það var ekki farin nein innheimta af stað?

JJ. Innheimta fór af stað í framhaldi af þessu bréfi, þá var okkur orðið ljóst að við værum ekki fá okkar kröfu, við vorum líka þarna með ábyrgð sem var beint á félagið, þannig að við vorum farnir að óttast um okkar hagsmuni.

AJ. Hvaða ráðstafanir voru gerðar til að innheimta þessa kröfu?

JJ. Við vorum bara að fara að setja í gang að fá innheimtar okkar kröfu og bjarga líka þeim ábyrgðum sem við vorum með undirliggjandi.

AJ. Geturðu lýst því eitthvað nánar, hver var það sem tók þessa kröfu í innheimtu?

JJ. Hún var ekki komin eins og ég hélt, ég var búinn að tala um það að þessi krafa ætti að fara í innheimtu, ég og Tryggvi höfðum rætt það. En annir og sumarfrí höfðu komið í veg fyrir að það var gengið á eftir því. En það var alveg ljóst á þessum tíma að hans plön um afkomu félagsins og það að greiða okkur til baka, að þau myndu ekki ganga eftir. Við vorum búnir að vera að stæla við Jón, og það voru komnir aðrir innkaupamenn að þessum viðskiptum, sem að fannst þau óhagstæð, það var svona byrjunin á þessari kergju og hótunum og látum. Á þessum tíma var okkur fullljóst að Jón ætti ekkert þennan pening sem að sagðist, og efnahagurinn hans var ekki með þeim hætti eins og hann var búinn að láta okkur, sem sagt leggja á borð fyrir okkur þegar við settum upp Vöruhúsið og ákváðum að styrkja hann með að koma því arðbæran rekstur. Sömu segja er að segja frá Flemmings, en þeir eru með svipaðar kröfur á hann. Og það sem að hann kenndi okkur um að vera ekki að greiða honum.

AJ. Þetta er dagsett 28. júní, þú kemur með þetta bréf og þú segir að Flemmings hafi komið á svipuðum tíma með..

JJ. Ég held þeir hafi komið í heimsókn til okkar í byrjun júlí, ég get fengið staðfestingu frá þeim hérna.

AJ. Var tekin þá ákvörðun um það í tilefni af þessum kröfum hér, að innheimta kreditreikninginn?

JJ. Þarna var einsýnt að efnahagur Jóns var miklu verri heldur en hann hafði látið okkur, af því að hann í raun að segja við Wal-Mart, ég get ekki borgað ykkur af því að Baugur er ekki að borga mér, sem var bara rangt, algjörlega rangt. Þannig að ég hringdi í þennan mann og sendi honum síðan stöðuna í okkar bókhaldi, sem að var þannig að við skulduðum ekki Jóni, langt í frá þessar fjárhæðir.

AJ. En innheimta kreditreikningsins, var hún ákveðin á þessum tíma í tilefni af þessum kröfum?

JJ. Þetta var það sem að ýtti okkur af stað að fara að, einnig að reyna að bjarga okkar ábyrgðum sem að vísu höfðu lent á okkur núna 14 milljón krónu ábyrgð sem við gáfum Nordica og við þurftum að greiða það núna fyrir hvað tveim mánuðum síðan, og þetta er allt núna í málaferlum úti í Bandaríkjunum, að innheimta bæði ábyrgðina, það sem við skulduðum honum, það sem við vorum búnir að borga honum fyrir fram og þessa kreditreikninga.

SM. En eins og þú veist eflaust við þessa húsleit á aðalskrifstofu Baugs í lok ágúst 2002, þá var fartölva Tryggva haldlögð og það fór fram rannsókn á innihaldi tölvunnar, meðal annars tölvusamskiptum, sem að varðar þessa rannsókn og þar má finna tölvupóstsamskipti Tryggva við Paul A Lester, lögmann í Bandaríkjunum og þetta eru tölvupóstsamskipti frá því 16. ágúst 2002 undir heitinu "Baugur Group Verces Nordica" og í umræddum tölvupóstsamskiptum er Tryggvi að rekja viðskiptastöðu þessara aðila, Baugs og Nordica vegna vöruviðskipta. Hvergi í þessum tölvupósti er minnst á neinar kröfur Baugs gagnvart Nordica vegna þessa kreditreiknings. Kanntu einhverja skýringu á því?

JJ. Kann enga skýringu á því, ekki nema að þarna sé verið að tala um hefðbundnu viðskiptin. Það er alveg ljóst að saga þessa kreditreiknings á sér lengri sögu, en ég kann ekki að segja af hverju það var ekki talið fram þarna. Það hlýtur að vera í bókhaldi Jóns, reikningurinn.

AJ. Við komum betur að því á eftir. Þegar þessi lögmaður er fenginn til að innheimta kröfuna þarna um miðjan ágúst eða seinnipartinn í ágúst 2002, þá er staða Nordica gagnvart Aðföngum eða Baugi, sögð nettó 36 þúsund dollarar, einmitt vegna þessara viðskipta hér, Flemmings viðskiptanna og Wal-Mart viðskiptanna?

JJ. Það er ekki nettótala Baugs Groups.

AJ. En það er að það sem Tryggvi upplýsir lögmanninn um í..

JJ. Já, ég veit ekkert um það, en ég vil bara vitna í bókhaldið mitt, það er bara algjörlega klárt að, þarna er væntanlega bara verið að tala um Aðfangauppgjörið en ekki heildarviðskiptastöðuna. Ég veit ekki hvort að einhver viðskipti áttu sér stað beint við Bónus, ég veit ekki hvort að þau voru inni í þessari tölu eða ekki.

SM. Svo vorum við einnig með töluverð tölvupóstsamskipti milli Tryggva og Jóns Geralds vegna fjárhagsstöðu Nordica og þar er aldrei minnst einu orði á þennan kreditreikning, nema þegar hann verður til og aldrei talað um neinar kröfur Baugs á hendur Nordica vegna þessa reiknings?

JJ. Ég er bara að segja ykkur, það er bara skýrt að það er krafa í bókhaldinu okkar á Jón Gerald. Ég veit ekki hvað afmörkuð svið hann var að tala um við Jón Gerald, ég hef ekki séð þessa pósta til þess að leggja mitt mat á það. En það er klárt í niðurstöðu bókhaldsins að hann skuldar okkur þennan pening, það verður ekkert horft fram hjá því.

SM. Í ljósi þessa, af hverju hérna, öll þessi tölvupóstsamskipti þeirra, Tryggva og Jóns Geralds varðandi fjárhagsstöðu Nordica, fjalla öll um einhverja viðbótagreiðslu frá Baugi til Nordica vegna slæmrar fjarhagsstöðu.

JJ. Já, ég meina, við vorum í þeirri trú að Jón væri að segja okkur satt og rétt frá sinni fjárhagsstöðu, nota bene, hann nefndi hvergi að hann sé í stór skuldum við birgja út af Baugi og þá styðst ég við þetta hérna. Þannig að ég veit ekki hvaða afmarkaðan hluta þeir voru sérstaklega að tala um. Mér finnst, ég meina það þarf ekki nema prenta út viðskiptareikninginn Nordica hjá Baugi Group samstæðunni, til þess að sjá þá hvað hann skuldaði, það er alveg klárt, það var í bókhaldinu á þessum tíma. Í fyrsta lagi hef ég ekki séð gögnin sem þið eruð að vitna í og í öðru lagi sá Tryggvi um þetta, greinilega, þetta var ekki sent á mig með neinum hætti.

SM. Nei, ja sumt af þessu.

AJ. Við þurfum að fara hérna á eftir betur ofan í einstök gögn einstaka tölvupósta, bæði sem þú sendir frá þér..

JJ. Þið getið þvælt endalaust fram og til baka um kreditreikninginn, en það sem ég er að segja ykkur, hvernig þetta lítur út af minni hálfu er svona, ég skal cometera á það, en þetta er mín saga.

AJ. En nú er staðan þannig að .....

JJ. Er lögreglan virkilega að vinna málið þannig að þið séuð að reyna að hjálpa Jóni að hann geti varist því að borga þennan kreditreikning, ég er að reyna að átta mig, hvað er málið?

AJ. Við útskýrðum fyrir þér sakarefnið í byrjun yfirheyrslunnar og það hefur ekkert breyst.

JJ. Nei nei það hefur ekkert breyst, en þið eruð að telja að útgáfa þessa kreditreiknings hafi verið til þess að oftelja tekjur í bókhaldi Baugs.

AJ. Sá grunur hefur vaknað að það væri já.

JJ. Já.

AJ. Sá grunur hefur vaknað að þessi kreditreikningur sé tilhæfulaus, það er meðal annars það sem þessi rannsókn beinist að, að kanna og fá botn í?

JJ. Já, það er ágætt að fá það fram hvað býr að baki.

SM. Þú veist það jafnvel frá síðustu yfirheyrslu að við sögðum að Jón Gerald hefur gefið þá skýrslu að hann hafi gefið út þennan reikning tilhæfulausan, að beiðni ykkar?

JJ. Já já, ég vissi bara ekki að menn væru farnir að elta þau orð með þessum hætti, en það er greinilegt að svo er.

AJ. Þér var ekki ókunnugt um þetta, það var búið að gera þér grein fyrir þessu sko áður?

JJ. Það var ekki búið að gera mér grein fyrir því að það væri verið að spyrja út í þessa kreditnótu með þeim hætti að við værum grunaðir um að hafa oftalið tekjur.

AJ. Að hann væri tilhæfulaus, það er það sem að verið er að reyna að upplýsa.

JJ. En tilhæfulaus, þá skil ég ekki af hverju maðurinn var að gefa hann út í fyrsta lagi og tilhæfulaus reikningur, hvað er hann þá að gera í bókhaldinu hjá okkur, hvað er lokamarkmiðið með því, ef þú skýrðir það út fyrir mér?

AJ. Það er það sem við þurfum að ræða saman um í þessari yfirheyrslu, fara í gegnum staðreyndirnar, framkvæmdina, og síðan þurfum við að reyna að varpa því upp þannig að saksóknari geti tekið ákvörðun.

JJ. Já já, mér finnst það nauðsynlegt, af því eins og þið eruð að stilla þessu fram núna að þá eruð þið að segja, þið voruð að oftelja tekjur, um hvað, 50 milljónir í tug milljarða fyrirtæki.

AJ. Það má koma skýrt fram að við erum ekki að halda því fram að þið hafið verið að oftelja tekjur, sá grunur hefur vaknað?

JJ. Já, sá grunur hefur vaknað og þið eruð að styðja það með þessu.

AJ. Við erum ekki að styðja eitt né neitt, hlutverk okkar er að fá fram staðreyndir í þessu máli, til þess að hægt sé að taka ákvörðun um framhaldið, það er einfalt svar í þessu.

JJ. Já já, en ég er að biðja um svar, hvað haldið þið?

AJ. Við höfum ekki einu sinni skoðun á því.

SM. Við erum bara að varpa fram þeim sönnunargögnum sem við höfum aflað í þágu rannsóknar þessa máls og þar er meðal annars tölvupóstsamskipti milli aðila?

JJ. Til þess að sýna fram á þetta mál.

SM. Þið hafið sagt okkur hvað stendur á bak við fyrirtækið, svo höfum við aðra sögu frá manninum sem gefur hann út og svo eru sönnunargögn þar á milli. Það er bara verið að draga fram atriði sem varða þennan reikning og bera undir þig.

JJ. Ég er bara að reyna að skilja málið, þið verðið bara að reyna að átta ykkur á því, þess vegna er ég að spyrja þessa spurninga, af því að þetta hefur svona aðeins staðið í mér, augljóslega.

SM. En áfram varðandi þessi tölvupóstsamskipti, þá erum við með tölvupóst sem Jón Gerald ... sendir þann 30. janúar 2002 til þín, það er reyndar framsending á pósti sem hann hafði sent til Tryggva áður og er að rekja samstarf Nordica og Baugs og um slæma stöðu Nordica. Og einnig erum við með póst frá þér frá 19. maí 2002, þar sem þú ert að stilla upp hinni hliðinni á málinu eins og heiti póstsins er. Það er ekki annað að sjá en að í öllum þessum samskiptum hafi öllum verið það ljóst að það væri mjög slæm fjárhagstaða hjá Nordica, og ekki annað að sjá heldur en að allt frá 1999 hafi Baugur tekið þátt í taprekstri Nordica með greiðslum.

06943

Afstaða þín til þessa, og ef svo var að Baugur tók þátt í að greiða niður tap hjá Nordica, þá í hvaða formi það var og hvernig og af hverju?

JJ. Styrkirnir þarna, það var alveg augljóst, það var til þess að koma upp Vöruhúsinu vegna þess að menn trúðu fram á það að þetta yrði aðbært, bæði fyrir Baug og síðan í framhaldi fyrir Bónus Stores. Ég meina við höfðum gert það sama við Danmörku, við töpuðum á Vöruhúsinu okkar sem við settum upp í Danmörku á sínum tíma, milljóna tugum á fyrstu tveimur árunum, en það varð til þess að við bættum viðskiptakjör hérna heima, vegna þess að birgjum hérna heima var ljóst að við höfðum ákveðnar aðrar leiðir til þess að kaupa inn vörur heldur en að kaupa þær af þeim. Styrkurinn sem var settur í það að koma upp þessu Vöruhúsi og þessum rekstri kannski skilaði sér hérna heima, að við gátum náð betri kjörum við birgja. Það er ákveðið hérna, hvað getum við sagt, þetta er svona ákveðin ógn fyrir birgja hér heima að missa viðskipti, þeir vita af því að við höfum aðra kambla (óskýrt). Það sama er að gerast núna í Englandi og við vorum með í Danmörku á sínum tíma. Það er ekkert óeðlilegt við það. Við sögðum við Jón, við ætluðum að bakka þetta upp, að koma þessum viðskiptum á koppinn.

SM. En í ljósi þessa að það var þarna töluverður taprekstur á Nordica, sem þið hlupuð undir bagga með og hjálpuðuð honum að greiða niður tapið, það er allt frá árinu 1999. Þá veltir maður fyrir sér hvernig þessi kreditreikningur verður til upp á tæpar 600 þúsund bankaríkjadollara?

JJ. Kreditreikningurinn var bara einskorðað dæmi á móti ákveðnum málum sem þurfti að gera upp og að þau plön sem Jón var með á borðinu, ef að söluáætlanir myndi takast, þá myndi myndast sjóðsflæði í fyrirtækinu til þess að greiða þetta upp. Ég vek athygli þína þarna að þarna er okkur ekki kunnugt um hversu slæm rekstrarstaða Nordica er.

AJ. Fyrirgefðu, höfðuð þið ekki gögn frá Nordica um stöðuna?

JJ. Við treystum Jóni, það er augljóst.

AJ. Spurningin er þessi, höfðuð þið ekki fengið gögn frá Nordica um stöðu þess félags gagnvart Baugi?

JJ. Nei nei, það er klárt að það vantar inn í bókhald Nordica sem við höfum fengið í hendur, skuldir við birgja, það er klárt.

AJ. Þið hafið sem sagt ekki fengið gögn frá honum send til þess að yfirfara og ..?

JJ. Jú jú við höfðum fengið frá honum gögn, þau voru bara ekki rétt.

AJ. Þau voru ekki rétt?

JJ. Nei. Það til dæmis vantaði skuldir við þessa birgja sem við töluðum um. Hefði okkur verið ljóst það, að þá hefði í fyrsta lagi verið ljóst að hann gæti aldrei greitt okkur til baka, af því þessi rekstur væri bara "bullshit", vegna þess, að þó að hann fengi þessa styrki frá okkur, þá dugðu þeir engan veginn til þess að reka fyrirtækið.

AJ. Þannig að staða Nordica var þá verri þegar upp var staðið heldur en hún virtist vera í bókhaldi Nordica?

JJ. Já mun verri.

SM. Geturðu þá gert okkur grein fyrir aðdraganda að útgáfu þessa kreditreiknings frá Nordica, og hvernig var samið um útgáfuna?

JJ. Aðdragandinn að þessu var endalaust þvarg fram og til baka um lagerstöðu sem að sat hjá okkur, sem við komum ekki út og rýrnun sem varð í framhaldi af því. Þannig var þessi tala fengin út. Ég held að ég eigi einhverja tölvupósti sem að geta stutt við þessi samskipti. Ég fór svona 4-5 sinnum þarna niður eftir og ræddi þessi mál við Jón. Lárus Óskarsson sem sá um Aðföng hafði ítrekað kvartað yfir lágum veltuhraða á vörunum, það að þetta sæti svona á Vöruhúsinu, væri til þess að það þyrfti að hækka gjaldið til verslananna sem þýddi það að verslanir urðu pirraðar út í að selja vörur frá Nordica, þannig að þetta var svona vandamál sem við ætluðum að klippa á með þessum hætti.

SM. En hvernig var þá þessi fjárhæð grundvölluð, á hverju byggjast, hvar eru útreikningarnir?

JJ. Ég er ekki með nákvæma útreikninga á þessu, hvernig þetta var fundið út. Ég lét Auðbjörgu taka þetta saman, ég get sýnt ykkur þá skýrslu.

SM. Við höfum rætt við Auðbjörgu tvisvar, við höfum ekki fengið nein bein gögn frá Auðbjörgu eða úr bókhaldi Baugs, nein bein gögn sem tengjast þessu.

JJ. Þú ert bara með þetta beina gagn, ég fer stundum á fundi með mönnum og sem um kreditnótur við þá, 10, 20 eða 30 milljónir, ég er ekkert með nákvæman útreikning á því. En vissulega gerist það oft og sérstaklega þau mál sem koma inn

á borð hjá mér, eru svona mál sem maður þarf bara að leysa og klippa á þráðinn. Við getum sett saman mörg dæmi, þar sem Vöruhúsið hefur kannski sagt, ja Vífilfell skuldar okkur nú einhverjar 7 eða 8 milljónir í markaðspening og ógreiddum afsláttum og eitthvað svoleiðis og menn eru búnir að þvarga um þetta í marga mánuði. Þá er það mitt verk og ég er farinn að sjá það að þetta er farið að vera viðskiptaletjandi fyrir okkar fyrirtæki. Þá er það mitt verk að setjast að samningaborði við þessa menn. Ég er kannski ekki með nákvæma útreikninga hvort ég sem um 5 milljónir eða 4 milljónir, ég er bara að reyna að ná sem bestum samningi fyrir fyrirtækið á hverjum tíma. Það eru mörg svona dæmi, ég er ekkert að reikna þetta út alveg í þaula hvernig ég finn þessar tölur, ég bara hef tilfinningu fyrir því hvað er best fyrir fyrirtækið hverju sinni.

AJ. Eru til einhver gögn sem eru bakgögn undir þessum reikningi?

JJ. Já, ég held það, já.

AJ. Við erum búin að biðja um það ítrekað með bréfum til fyrirtækisins og það hafa engin gögn verið lögð fram?

JJ. Þú hefur aldrei spurt mig um það. Má ég sjá bréf þar sem er beðið um að ég afhendi gögn varðandi þessi samskipti.

AJ. Það hefur verið stílað bara á Baug.

JJ. Má ég sjá það?

AJ. Er þér ókunnugt um bréf sem við höfum sent til fyrirtækisins?

JJ. Ég hef séð eitthvað af þessum bréfum, en menn innanhúss hafa talið það best að lögmenn félagsins og innri endurskoðendur svari þessum bréfum.

AJ. Það var óskað eftir því að fyrirspurnir okkar um gögn yrðu sendar til lögmanna félagsins, og við að sjálfsögðu urðum við því.

JJ. Já já, þess vegna segi ég, það er klár afstaða stjórnarinnar, við sem grunaðir inni í félaginu, að það væru lögmenn félagsins sem færu með gagnaöflun og innri endurskoðendur og ytri endurskoðendur. Má ég sjá bréfið þar sem er beðið um gögn, tölvugögn, samskipti Jóns Ásgeirs við Jón Gerald út af kreditreikningi?

SM. Já, við reyndar höfðum það ekki með okkur hérna akkúrat í yfirheyrsluna, en það eru fleiri en eitt bréf og fleiri en tvö.

AJ. Hvaða gögn eru þetta sem þú ert að tala um sem eru til á bak við þennan reikning?

06946

JJ. Ég þarf bara að fara í gegnum það hjá mér.

AJ. Ertu ekki búinn að fara í gegnum það hvaða undirgögn eru til á bak við kreditreikninginn?

JJ. Nei, það eru til einhver samskipti varðandi þetta mál, það er alveg klárt.

AJ. Sem ekki eru komin í okkar hendur?

JJ. Ég meina, hafið þið beðið um það?

AJ. Já, við höfum beðið um það, með bréfum til fyrirtækisins og lögmanns þess. Þú ert að tala um innri endurskoðun, hún er búin að leggja fram tvær greinargerðir og margar möppur og gögn.

JJ. Þú ert að spyrja um gögn sem að létu að því að þessi reikningur var búinn til.

AJ. Öll gögn var beðið um sem geta skýrt tilurð þessa kreditreiknings.

JJ. Já já.

AJ. En þú segir að eitthvað sé til af því, við myndum þá óska eftir því að það yrði sent okkur strax, þannig að við næðum í þau.

JJ. Ég þarf bara að finn út úr því, hvort að það séu einhver gögn, ég bara kannast ekki við þá spurningu beint til mín.

SM. Nei, henni er þá beint til félagsins.

JJ. Ég hefði ekki farið yfir síðu fyrir síðu hvað ykkur hefur verið sent, það getur vel verið að það sé í þessum gögnum sem þið hafið fengið.

SM. Er það rétt skilið að þú hafir samið um þennan kreditreikning við Jón Gerald?

JJ. Ég meina þetta var niðurstaða af áralöngu þrasi um þessi mál, sem átti að koma málum til betri vegar og átti að verða til þess að við gætum unnið saman og klárað þessa söluáætlun sem við settum á borðið á sínum tíma. Það var orðin mikið kergja inni í kerfinu út af því að vörur Nordica komu og sátu inn á lager. Jón getur staðfest það sjálfur, hann veit allt um það hvernig þessar vörur lágu, það var kvartað um það við ýmsa að vörur lágu inni í Aðföngum og ekkert var að gert. Það var vegna þess að það ákveðin kergja, bæði um verðið á vörunni og það að það voru þarna vörur að koma til landsins sem höfðu í rauninni ekki verið pantaðar.

SM. En af hverju lítur þá þessi kreditreikningur þannig út að það er talað um tímabilið frá 1. júlí 2000 til 30. júní 2001. Ef það er rétt að þetta varði miklu lengra tímabil.

06947

JJ. Þetta er bara villa í textanum hérna. Það gefur alveg auga leið að þetta á að vera til lengri tíma, vegna þessa, ef að þetta hafa verið 40% af viðskiptunum á þessu tímabili, eitthvað svoleiðis, þetta er lengri tíma mál. Það hlýtur að koma fram í þessum tölvusamskiptum að menn hafa verið að reyna að hittast og reyna að ganga frá málum og losna við þessa kergju, það hlýtur að koma fram.

SM. Nú höfum við rætt við töluvert af starfsfólki Baugs, millistjórnendur og þá sem hafa með samskipti eða viðskipti við Nordica að gera, þá sem hafa með fjármálin að gera hjá Baugi, við getum nefnt hérna Lindu Jóhannsdóttur af fjármálastjórum Baugs frá 1998, en frá júlí 2001, þá er hún framkvæmdastjóri hjá Baugi. Hún segist hafa séð þennan umræddu kreditreikning frá Nordica, en strax sent hann frá sér, þar sem hann átti ekki heima í bókhaldi Baugs heldur Aðfanga, þar sem um viðskipti Aðfanga og Nordica var að ræða. Hún vissi ekkert meira um þessi viðskipti. Lárus Óskarsson framkvæmdastjóri Aðfanga, bar í sinni vitnaskýrslu, að ekkert í bókhaldi Aðfanga gæti skýrt þennan gæti skýrt þennan kreditreikning og honum væri algjörlega ókunnugt um tilvist hans, þar sem hann frétti af honum í fjölmiðlum út af rannsókn málsins. Fleiri forráðamenn Baugs og undirfyrirtækja hafa borið á svipaðan hátt, enginn þeirra vissi af ástæðum þessa reiknings og staðfesti að ekkert í bókhaldi gæti grundvallað hann, ekkert í bókhaldi Baugs.

JJ. Hver staðfesti það?

SM. Þar á að auki var hann ekki meðal fylgiskjala í bókhaldi Baugs þar sem hann var færður.

JJ. Ertu að segja mér það að það geti ekkert í bókhaldi Baugs grundvallað þennan kreditreikning. Ég get lagt fram birgðastöðu félagsins gagnvart Nordica, bara því til vitnis.

SM. Já,við höfum beðið um það.

JJ. Hefurðu fengið hana?

SM. Nei, við höfum ekki fengið hana þannig skýrða, að það sé hægt að sjá beint samhengi milli birgðastöðu Baugs eða Aðfanga gagnvart Nordica.

JJ. Ég held að þú sért aðeins að tala um epli og appelsínu, vegna þess að þú ert annarsvegar að tala um þessa kreditnótu sem að ég sá persónulega um að ganga

06948

og frá og klára, í framhaldi af þessari kergju sem að var komin í gang hjá félaginu, eins og ég klára mörg önnur mál með þessum hætti.

AJ. Fyrirgefðu, þegar þú talar um kergju, geturðu útskýrt það nánar, hverjir voru að þrasa eins og þú orðaðir það áðan um þessi mál.

JJ. Vöruhúsið var að þrasa að það voru að koma vörur frá Nordica sem voru ekki pantaðar og það var að koma mikið að einstökum vörutegundum. Vöruhúsið vildi þess vegna hækka gjöldin til verslananna, vegna þess að það var svo lítil velta á þessum birgðum. Síðan runnu birgðir út og þetta á sér lengri sögu, allt frá því að við vorum að kaupa sérvöru inn í Bónus á sínum tíma, vorum að skíttapa á þessu, ég meina reikningar sem Jón hafði sett fram um útreikninga um að við yrðum að hafa þetta og þetta upp úr þessari vöru, bara stóðust ekki.

AJ. Við höfum reynt að fá upplýsingar hjá fyrirtækinu Baugur eða undirfyrirtæki þess sem að skýra það út, að það hafi verið grundvöllur til útgáfu svona kreditreiknings vegna afslátta, skemmda, rýrnunar og það sem tekið er fram hér og skýringar frá fyrirtækinu hafa komið um. Það hefur ekkert komið um það, það virðist ekki vera til, og þar höfum við farið yfir Aðföng, við höfum farið yfir birgðabókhald Aðfanga, við höfum farið yfir fjárhagsbókhald Aðfanga og Baugs samstæðunnar. Við höfum kynnt okkur útgáfu svokallaðra kreditbeiðna og farið inn í kerfið alveg, fengið meira að segja kerfisstjórann ykkar til þess að útskýra það fyrir okkur.

JJ. Kreditbeiðni vegna inntalningar.

AJ. Eða skemmda eða eitthvað slíkt sem er talið að birginn eigi að taka á sig. Það eru engin slík gögn inni í kerfinu sem að gætu verið grundvöllur þessa reiknings. Við höfum yfirheyrt framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og innkaupastjóra allt frá árinu 1993, innkaupafyrirtækis Baugs. Þeir segja allir, um það liggja fyrir vitnaskýrslur hér, að um hafi verið að ræða, hvað eigum við að segja, hefðbundin venjuleg reikningsviðskipti, þar sem að Nordica seldi Aðföngum eða innkaupafyrirtækinu vörur fyrir reikning og verðið var tekið fram á reikningnum. Uppgjör hafi síðan farið fram á þessum reikningi. Ef um hafi verið að ræða skemmdir eða eitthvað slíkt, þá hafi það komið fram í kreditbeiðnum og kreditreikningum eftir á.

06949

JJ. Allar lotanir á rýrnun fara fram til dæmis úti í verslunum og síðan inni í heildar rýrnunarkerfið, eruð þið búnir að skoða það?

AJ. Nú selja Aðföng verslunum þetta líka fyrir reikning?

JJ. Það er alveg sama, menn geta verið með kleim út úr keðjunum á ákveðna birgja. Ætli rýrnunin hjá okkur sé ekki bæði þekkt og óþekkt, sé ekki svona 400-500 milljónir á ári. Þannig að þetta getur verið að koma mjög víða að. Málið var bara og það sem ég ætla að ítreka við ykkur, þetta er bara svona mál, þar sem ég klára eins og mörg önnur með pennastriki, þetta er bara þannig mál. Þetta er kergja út af vörusöfnun, út af háum verðum, út af rýrnun, og þetta er leyst á þennan hátt. Við höfðum trú á þessu fyrirtæki Nordica, við treystum Jóni, treystum þeim upplýsingum sem komu frá honum. Við ákváðum að setja upp Vöruhúsið út af merkingarlöggjöfinni, við ákváðum að styrkja það með ákveðinni upphæð á mánuði og við gerðum þessi mál upp með þessum hætti.

AJ. Þetta er komið fram.

JJ. Þetta eru mín samskipti beint við hann og ég er ekki að láta einn eða neinn vita af því hvernig ég geng frá þessum málum, heldur segi bara, "þetta er úr sögunni" Baugur er búinn að fá sitt bætt og bara höldum áfram í þessum viðskiptum með sem bestum hætti og málið út úr sögunni.

AJ. Ertu þá að segja að þú hafir afgreitt málið og það sé rétt sem að þessi vitni segja öll, starfsfólk og stjórnendur og millistjórnendur sem við höfum talað við, að þeim hafi verið ókunnugt um, hvað var á bak við þetta og það sé raunverulega hvergi skráð inni í fyrirtækinu?

JJ. Það er skráð hjá okkur í bókhaldi Baugs Group.

AJ. Færslan er gerð þegar kreditreikningurinn er gefinn út en það er ekki hægt að finna nein bakgögn eða undirgögn sem skýra útgáfu hans?

JJ. Ekkert frekar en marga aðra kreditreikninga.

AJ. Það er það sem ég er að spyrja um.

JJ. Mörg eru dæmi um það að ég semji fyrir hönd fyrirtækisins, annaðhvort að klára mál með ákveðnum hætti, fá greidda afslætti sem stendur þref um eða semja um viðskiptakjör sem að ég vill ekki að fari út í verðlagið og vil að komi beint inn á reikning Baugs Groups, til dæmis eins og Ávaxtahúsið, ég hef nefnt það áður.

Þannig að ég sest oft niður með framkvæmdastjórum og forstjórum hérna í bæ, sérstaklega á fyrri árum Baugs og segi við þá, hérna eru einhver ágreiningsmál, má ég ekki bara að klára þetta. Við sitjum hvorugum við borðið og segjum hérna, reiknum 2% af þessu deilt með þessu og fáum út þessa útkomu. Þetta eru bara viðskipti milli manna og menn eru bara að klára þau með þessum hætti. Ég held að þetta fólk sé að vitna í það, að þegar er verið að telja út úr gámum til þess að leiðrétta birgðakerfið, að þá séu gefnar út úthleypur, svokallaðar úthleypur. Þannig að birgðabókhaldið okkar stemmi, það held ég að fólkið sé að vitna í, ekki sérsamninga sem fyrirtækið er að gera um eftir á einhvern afslátt, ekki um einhver sér uppgjör eða þannig.

SM. Við höfum heldur ekki séð neina sérsamninga við Nordica frá Baugi.

JJ. Eins og ég segi, þetta er munnlegs eðlis og þetta er bara pennastriksmál, það er bara gengið frá þessu, hvað þurfum við til þess að geta haldið áfram og klárað þessi mál sem er kleim um og gerum viðskipti.

AJ. Þannig að þessi kreditreikningur er þá ekki byggður á tölum úr bókhaldi eða gögnum í bókhaldi Baugs eða undirfyrirtækja?

JJ. Þetta byggði á þessum viðskiptum og þessum ágreiningi sem er uppi og á alveg fullan rétt á sér ef það er skoðað nákvæmlega?

SM. Þið hafið ekki reiknað ykkur niður á neina ákveðna tölu byggt á bókhaldinu?

JJ. Nei við höfum reiknað okkur miðað við þessi viðskipti sem að eru þarna, þá höfum við sýnt fram á, að ef eitthvað er þá hef ég snuðað Baug í þessum samningum, við getum alveg sett það þannig upp, en þetta er pennastriksmál, eins og mörg önnur mál sem að koma inn á mitt borð, þá verð ég bara að taka ákvörðun, klára þau, út af borðinu.

SM. En þar sem þú talar um að þetta sé eitthvað pennastriksmál, við erum búnir að fara yfir tölvupóst hjá Jóni Geraldi og samskiptin allavegana við Tryggva og fleira starfsfólk Baugs. Það er ekkert í þeim samskiptum sem gætu skýrt sem aðdraganda að útgáfu þessa kreditreiknings, þannig að þegar þú talar um að þetta sé pennastriksmál..

JJ. Það á við um alla þessa aðila sem þú hefur rætt um, inni í herbergi og spurðu hvort það hafi verið ágreiningur út af þessum viðskiptum við Nordica og af hverju þau hafi verið.

SM. En það sem ég er að koma að er, en það komu ekki aðrir að þessu en þú og Jón Gerald eða hvað?

JJ. Ég og Jón Gerald, við vorum í þessum samskiptum um vörurnar, ég byrjaði í þessum samskiptum á sínum tíma, ég og Jón vorum góðir félagar, ræddum þessi viðskipti. Ég fór oft þarna niður eftir og hitti hann, þess vegna var þetta mjög náið viðskiptasamband milli mín og Jóns, sérstaklega fyrri parturinn af því.

AJ. Skil ég þig rétt, eða svaraðir þú spurningunni áðan, sem ég spurði þig um beint um hvort að þessi kreditreikningur væri grundvallaður á gögnum í bókhaldinu, að þetta hafi verið sem sagt eitthvað sem þið genguð frá munnlega en byggðuð ekki á einhverjum staðreyndum úr bókhaldinu?

JJ. Við erum með ákveðna stærð á viðskiptunum á þessum tíma og hvað grundvallast af því, en þetta er pennastriksmál að ákveða upphæðina, hver hún var síðan í lokin.

AJ. Hvað þýðir pennastriksmál?

JJ. Pennastriksmál er svona, það einhver hérna sem segir, ég tel mig ekki skulda félaginu neitt, en þið eruð með 50 milljón krónu kröfu á okkur, eða ágreiningur um afslátt eða eitthvað svoleiðis. Í staðinn fyrir að fara með málið í gerðardóm, þá eru málin oft leyst annaðhvort í síma eða á ákveðnum samningum um að festa þessa tölu. Þetta er bara eins og viðskipti eiga sér stað dag frá degi.

SM. Við erum með tölvupóstsamskipti sem varða það þegar reikningurinn er nákvæmlega gefinn út, og það eru tölvupóstsamskipti milli Jóns Geralds og Tryggva sem eiga sér stað 30. ágúst 2001. Fyrsti pósturinn er klukkan 13:17 að íslenskum tíma. Þar sem Jón Gerald sendir tölvupóst til Tryggva og er búinn að stilla upp texta fyrir þennan reikning, kreditreikning. Tryggvi svarar um hæl klukkan 13:23 og segir sæll, ég geri smávægilegar breytingar, faxaðu þessu á mig með undirskrift þinni sem fyrst, kveðja Tryggvi. Svo er hérna þessi texti eins og hann vill hafa hann í reikningnum. Jón Gerald svarar þessu bara með o´key klukkan 13:43 að íslenskum tíma.

06952

JJ. Er þetta í þessum gögnum?

AJ. Nei, örugglega ekki.

SM. Klukkan 13:57 sendir Jón Gerald aftur tölvupóst á Tryggva og segir, faxið er að fara í gegn. Um hálftíma síðar eða 14:37 kemur þá svar frá Tryggva, segir búinn að fá það, þakka þér fyrir, skulda þér einn gráan.

JJ. Jú jú þetta er hérna.

AJ. Við erum búnir að fara ofan í póstana og athuga hvort að þetta eru gögn sem hafi verið raunveruleg eða hafi verið búin til. Og við höfum komist að þeirri niðurstöðu að þetta séu raunverulegar póstsendingar allt saman.

JJ. Hvernig gerir maður þannig, bara svo þú skýrir það út fyrir mér?

AJ. Þá fer maður inn í kerfið á bakvið hvern einasta póst og skoðum sendinguna og kvittunina og allt saman. Þannig að við erum orðnir sannfærðir um það, að þetta séu raunveruleg gögn en ekki búin til.

SM. Maður veltir fyrir sér miðað við þessi samskipti þarna.

JJ. Ég svaraði þessu á sínum tíma, hef ekkert við það að bæta.

SM. Maður veltir fyrir sér, af hverju var svona mikil þörf á að fá þennan reikning með þessum hraða, sér í lagi þar sem þessi fjárhæð er mjög há rúmar 60 milljónir.

JJ. Í mínum huga er þessi fjárhæð mjög lág.

SM. Við erum að tala um fjárhæðir fyrirtækis sem þú ert búinn að segja okkur og vissir að gat ekki staðið undir þessum greiðslum á þeim tíma, en væntir þess að í framtíðinni myndi þetta lagast.

JJ. Þetta er bara ekki rétt hjá þér, þetta er ekki rétt með farið. Vegna þess að það sem ég sagði miðað við þessi plön sem Jón var búinn að leggja á borðið, þá átti félagið alveg að geta staðið undir þessum skuldbindingum.

AJ. Í framtíðinni er það ekki?

JJ. Já.

SM. En ekki á þeim tíma sem reikningurinn er gefinn út?

JJ. Ekki á þeim tíma sem reikningurinn er gefinn út, enda var honum gefinn greiðslufrestur á að greiða reikninginn, sem átti að ná til þess þegar, við vildum klára þetta mál, þannig að við gætum haldið þessum viðskiptum áfram með eðlilegum hætti.

06953

SM. Af hverju var þá þessi hraði?

JJ. Tryggvi verður að skýra það út af hverju hann vildi ganga frá þessu með þessum hraða, en hann var búinn að fá skýr fyrirmæli frá mér.

Gerum hlé klukkan 12:12.

Þá heldur yfirheyrslu áfram klukkan 12:13.

SM. Í framhaldi af þessu þá er spurning hvort þú getir gert grein fyrir aðkomu þinni á vinnu við ársuppgjörs Baugs fyrir árið 2001, sem var verið að ljúka við á þessum sama tíma og þessi kreditreikningur leit dagsins ljós?

JJ. Ég bara fer yfir það eins og mér er kynnt af endurskoðendum á hverjum tíma.

SM. Áttirðu engan beinan þátt í að vinna þetta ársuppgjör, eða hvað?

JJ. Ég meina, ég bara kem með mínar athugasemdir með uppgjörið og fer yfir það.

AJ. Fyrirgefðu, ferðu yfir það eftir að endurskoðandinn er búinn að stilla því upp eða áttirðu þátt í aðdraganda?

JJ. Ég bið mína endurskoðendur að byggja þetta á þeim tölum sem liggja fyrir og kanna hvort allt sé komið inn. Sérstaklega er mjög viðkvæmt í uppgjöri á verslunarfyrirtæki, eru svokallaðar verðlækkanir. Það er sjóður sem við lotum inn, t.d. í Hagkaup þá erum við að lota inn á hverjum mánuði, eitthvað ákveðið verðlækkunarhögg, sem að kemur síðan í ljós þegar útsalan er búin. Kannski eigum við 200-300 milljónir sem menn geta sagt, þetta eru í raun ekki orðin gjöld en verða gjöld á ákveðnum tíma, það er tekið frá. Yfir þessa hluti fer ég mjög gaumgæfilega, það má líkja þessu við, eins og bankarnir gera, þegar það er á stjórnarfundi ákveðið hvað fer í afskriftarsjóð. Þannig að ég fer yfir uppgjörið sem ég er að fara að birta.

SM. Það hefur vakið athygli að þessi kreditreikningur verður til þarna alveg í lokin á þessari vinnu í milliuppgjöri. Þá er spurning hvort það séu bein tengsl á milliútgáfu þessa kreditreiknings og þessa ársuppgjörs Baugs?

JJ. Það er engin bein tenging, ertu að meina að ég hafi látið búa til kreditreikning til að hækka hagnaðinn á fyrirtækinu?

SM. Nei, það var spurning, var reikningurinn til á þessum tíma til að hægt væri að koma honum inn í ársuppgjörið?

JJ. Þetta er örugglega eitthvað mál sem Tryggvi hefur viljað klára á þessum hluta, ég kann ekki að skýra það öðruvísi en þetta. Það breytir engu fyrir uppgjörið í raun.

SM. Þetta hefur áhrif á uppgjörið, það koma inn meiri tekjur.

JJ. Já já, ég hefði líka getað sagt, tökum verðlækkanir í Hagkaup og setjum þær allar yfir á næsta helming, ef ég hefði ætlað að auka tekjur á fyrirtækinu. Mér finnst þetta mjög aum skýring, að einhver 50 milljóna krónu kreditreikningur breyti öllu í niðurstöðu uppgjörs, vegna þess að fyrirtækið er eins og ég segi, er með þessa sjóði og á þessum tíma, því að ég hef nú farið í gegnum þetta, af því ég hef heyrt þetta, reyndar bara frá lögmanni Jón Geralds, að hann sé að tala um þetta um allan bæ að svona hafi verið í pott búið, að á þessum tíma áttum við inni á þriðja hundrað milljónir í ófærðar hlutdeildartekjur á Arcadia, sem við vorum með bara sem böffer í okkar bókhaldi, þannig að ef að menn hafa ætlað að svindla með þessum hætti, sem er ekki gert, þá hefðu menn einfaldlega skoðað tvo hluta, annarsvegar verðlækkanirnar, fært þær bara yfir á röng tímabil og hinsvegar skoðað hlutdeildar hagnað sinn í Arcadia. Þarna hefði ég getað með auðveldum hætti sagt, "við skulum bara taka þessar tekjur inn hérna", og færa þær til tekna. En þetta er bara böffer sem að við vildum hafa algjörlega á hreinu þangað til að Arcadia myndi birta þetta uppgjör, við vissum reyndar af þessu af því að við vorum innherjar í Arcadia á þessum tíma út af þessum viðræðum sem voru í gangi og líka verðlækkanir sem eru lotaðar í Hagkaup.

SM. En Stefán Hilmarsson endurskoðandi hjá KPMG, sem sá um að vinna þetta árshlutauppgjör, hann skýrði frá því hérna við yfirheyrslu að þessi tekjufærsla á þessum Nordicareikning, plús tekjufærsla út af kreditreikningi út úr SMS, þetta var fært saman í einu lagi 108 milljónir rúmlega. Þetta hafi haft þau áhrif að ársuppgjörið var með 20% betri afkomu heldur en hefðu þessir reikningar ekki verið færðir.

JJ. Þetta er bara rangt hjá þér. SMS reikningurinn var ekkert í ársuppgjörinu.

SM. Við erum að tala um árshlutauppgjörið.

JJ. Já já, þú ert að tala um árshlutauppgjörið.

SM. Þessir báðir reikningar voru færðir þar.

JJ. Og hverju heldurðu að það hafi breytt fyrir félagið?

SM. Þetta skilaði 20% betri afkomu í þessu ársuppgjöri heldur en.

JJ. Já come on, hverju átti það að breyta fyrir okkur?

SM. Ekki ætla ég að svara því.

JJ. Þegar verðmæti fyrirtækis eru reiknuð út, af því að ég veit alveg hvað menn eru að fara á eftir, menn hafa búið til hagnað til þess að hafa getað sýnt betri afkomu til þess að fá hærra markaðsverð á félagið, það er það sem að menn eru að tala um. Það stenst ekki skoðun, það bara stenst einfaldlega ekki skoðun, menn geta fengið alla að, við mat á fyrirtækjum í þessari stærð, þar sem menn vita að tekjurnar myndast meira og minna í desember og nóvember, þá eru það ársuppgjörin sem telja í markaðsmati á þessum fyrirtækjum. Og eins og ég segi að þá geta menn staðfest það innanhúss að verðlækkunarsjóðurinn og Arcaida hluthafatekjurnar voru þarna til staðar sem böffer og menn hefðu getað notað hvenær sem er.

AJ. Var rekstraráætlun fyrir fyrirtækið í gildi yfir allt árið, manstu það, var hún endurskoðið reglulega eða?

JJ. Hún er updated svona fyrir ákveðnar einingar í hverjum mánuði. Í dag eru orðnar mjög fastar skorður með þetta í áætlun sem er verið að kynna núna fyrir næsta ár.

AJ. Manstu nokkuð eftir því hvernig þetta var þarna um mitt ár eða ársuppgjörið 2001, hvort að niðurstaða uppgjörsins var betra eða verra heldur en áætlunin?

JJ. Ég man það ekki. Ég horfi persónulega mjög mikið á hvernig árið lítur út hjá mér, af því að ég veit að það er það sem skiptir máli við greiningu á okkar fyrirtæki.

SM. Nú erum við með hérna tölvupóstsamskipti, þar sem þú skrifar tölvupóst til þriggja stjórnenda Baugs, 29. júní 2001, þar sem segir meðan annars: Uppgjörið verður erfið vinna, hefst strax eftir helgi, ljóst að mikill tími á eftir að fara frá okkur TJ í það verkefni. Alveg ljóst að eftir uppgjör er ekkert borð fyrir báru, áætlanir verða að standast!

JJ. Þetta eru bara, þarna er ég að hvetja mína menn áfram, eins og ég geri oft og fleiri svona pósta. Ég læt aldrei stjórnendur vita af því að ég hafi borð fyrir báru. Ég fann það bara þegar menn voru farnir að hugsa í kerfinu hjá mér að við græddum svo mikið á Alcadia, það var eiginlega engin pressa orðin í íslensku starfseminni,

þannig að það er bara taktík í stjórnun að láta menn ekki menn vita það að þeir geti hallað sér annaðhvort upp að Bónus eða upp að Hagkaup og rekið 10-11 eða Lyfju illa.

AJ. En hvaða áætlun ertu að vitna í þarna, og hvaða ráðstafanir voru þá gerðar til þess að áætlanir stæðust?

JJ. Ég þarf bara að skoða það nákvæmlega hvaða áætlun var í gangi á þessum tíma. Þetta var svona hvatningarpóstur til manna að láta hlutina ganga upp. Til hvaða stjórnenda var þetta?

AJ. Framkvæmdastjóranna.

JJ. Árna og Jóns Björnssonar?

AJ. Já, og Tryggva.

JJ. Eins og ég segi, ég notaði þessa taktík, eins og ég segi þegar maður er með svona mixaða körfu af fyrirtækjum, að þá er ég að reyna að koma því til manna að þeir hafa ekki skjól af hver öðrum. Hvert fyrirtæki verður að standa sig og skila tilætluðum arði.

SM. Tekjufærsla sem færð var í ársblutauppgjöri 2001 og varðar þennan reikning frá Nordica, inn í þeirri tekjufærslu var líka, að okkur skilst þessi kreditreikningur frá SMS í Færeyjum upp á 3,9 milljónir danskar, þetta er fremur skjal heldur en reikningur, yfirskriftin er "credit invoice" . Það er spurning hvort að þú þekkir þetta skjal og hvort að þú hafir á einhvern hátt verið inni í málinu þegar þessi kreditreikningur frá SMS varð til?

JJ. Ég hef heyrt að þessu skjali, svona eftir á, Tryggvi sá alveg um þessi samskipti út af þessu.

SM. En veistu á hverju hann byggir?

JJ. Þetta byggðist á held ég á einhverjum fyrirhuguðum kaffiviðskiptum sem átti að... Við vorum á þessum tíma í miklum slag við tilnefnda kaffiheildsala, vegna þess að Danir hafa, við höfum verið mjög harðir á því að þeir komist ekki í kaffiviðskiptin í gegnum Færeyjar, vegna þess að þeir selja kaffi ódýrara til Færeyja heldur en til Íslands, vegna þess að Færeyingar líta á Færeyjar svona sem afgangsmarkað, en Íslands svona meiri kormarkaður fyrir þá. Við höfum svona verið að reyna í gegnum tíðina að fá lægra verð á kaffi, þetta var eitthvað í

06957

kringum það sem að Merrild síðan stoppaði, ég man ekki hvernig þetta var. Þetta er reikningur sem fór bara inn og út held ég.

SM. Ég ætla samt að vekja athygli þína á því að þessi reikningur er sagður varða tímabilið frá 1. júlí 2000 til 30. júní 2001, en á þeim tíma voru engin vöruviðskipti á milli..

JJ. Ég held að þetta hafi verið fyrirframgreiddur afsláttur, held ég, ég þekki þetta mál ekki nógu mikið til þess að geta tjáð mig um það, frekar en ég þekki kreditfærslur hingað og þangað í fyrirtækinu. Það sem kemur inn á borð hjá mér ég tek ákvörðun um, skal ég segja ykkur alla söguna.

SM. Við erum að tala um þessar tekjufærslur upp á 108 milljónir og upplýsingar um það höfum við úr bókhaldi Baugs, fylgiskjal númer I/00743, það er að segja hérna er færslan í heild sinni, þetta eru lokafærslur vegna árshlutauppgjörs. Okkur er sagt hérna að lokafærsluskjalið verði til hjá endurskoðandanum, en það má sjá í því skjali undir lið númer 8, sem er kreditreikningur frá erlendum birgjum, samkvæmt JÁJ. Þeir virðast vísa í þig varðandi þessa færslu, þessa tekjufærslu.

JJ. Ég fullyrði að lokabeiðnin, eða sem sagt beiðni um að færa einhverja reikninga hefur ekki komið frá mér, heldur frá TJ, eins og skýrist í samskiptum við Tryggva út af þessum reikningum. Ég kann ekki að segja hvaða texti þarna er.

SM. Ertu að segja að Tryggvi hafi átt samskipti við endurskoðandann varðandi þessa kreditreikninga?

JJ. Tryggvi er yfirmaður fjármála og gengur frá lokafærslum og öllu því.

AJ. Tókst þú þátt í frágangi lokafærslna með endurskoðandanum eitthvað?

JJ. Ég kvitta ekki upp á færslulista út af lokafærslum.

AJ. Ég meina tókstu einhvern þátt í því með fundum eða skýringum?

JJ. Ég var bara að fara yfir bókhaldið í heild sinni.

AJ. Hvernig þá að fara yfir bókhaldið í heild sinni?

JJ. Það er bara farið yfir meginniðurstöður í uppgjöri.

AJ. Nú eru þetta tilteknar lokafærslur, þær eru ekki nema, hvað eru þar margar þarna?

JJ. Tuttugu.

AJ. Áttir þú einhvern þátt í þeirri vinnu, að þessar lokafærslur voru búnar til?

JJ. Ég á lokahönd á bókhaldið áður en það fer fyrir stjórn, ef þú ert að tala um það. Ég meina, ég er ekki sjálfur að færa lokafærslur.

AJ. Nei, ég var ekki að spyrja um það, ég var að spyrja þig hvort að þú hefðir átt einhver samskipti við endurskoðandann um lokafærslurnar sjálfar, áður en þær voru settar svona eins og ?

JJ. Ég minnist þess ekki að ég hafi kvittað upp á einhvern lokafærslulista eða eitthvað svoleiðis í þessu tilviki. Ég fer yfir þetta og skoða færslur fram og til baka og hvernig uppgjörið er að myndast, það er að myndast, ætli það sé ekki á annan tug fyrirtækja sem mynda uppgjörið okkar.

AJ. Jú jú, en nú erum við bara að tala um þennan lista, þennan tiltekna lista, og þessar færslur sérstaklega, að þú minnist þess ekki að þú hafir gefið endurskoðandanum þessar upplýsingar sem hann færir?

JJ. Ég minnist þess ekki að hafa kvittað upp á, en það væntanlega eins og öll uppgjör sem ég fer yfir, farið yfir ýmsa þætti.

AJ. Ég er ekki að spyrja um það, ég er að spyrja hvort að þú gafst, eins og hann segir í texta færsluskjalsins, að upplýsingar um þennan tiltekna kreditreikning, það stendur hérna samkvæmt JÁJ, er það þá ekki rétt, eða hvað?

JJ. Það sem ég segi, eins og ég er búinn að segja, ég sá um að klára þennan kreditreikning við Nordica og vissi um hann, og Tryggvi rak á eftir því að frá honum yrði gengið, greinilega, en að ég hafi kvittað upp á færsluskjalið, kannast ég ekki við.

AJ. En þú gafst honum ekki upplýsingar þá, þetta er þá ekki rétt sem stendur í færsluskjalinu sjálfu, að upplýsingarnar séu frá þér?

JJ. Ég kvitta ekki upp á færsluskjöl.

SM. Það er kannski ekki verið að tala um kvittun, það segir hérna, það er athugasemd með þessari færslu, að það séu kreditreikningar frá erlendum birgjum samkvæmt JÁJ, það er ekkert verið að tala um að þú sért að kvitta upp á færsluskjalið, bara að það sé fært samkvæmt..?

JJ. Ég hélt þú værir að spyrja um hver færði inn á þennan texta.

SM. Já, en við erum að spyrja hvort þú kannist við að þetta hafi verið gert?

JJ. Ég kannast ekki við þennan texta, nei.

SM. Og ekki heldur að þú hafir gefið einhverjar leiðbeiningar með hvernig ætti að færa þetta?

JJ. Það kemur augljóslega fram á reikningunum hvernig á að færa þá, ég þarf ekki að leiðbeina mönnum í bókhaldi hvernig á að færa kreditreikninga.

AJ. Endurskoðandinn segist hafa fengið upplýsingar um þennan tiltekna kreditreikning og þau viðskipti sem voru á bak við hann frá þér, og þess vegna skrifar hann þetta svona.

JJ. Já já, við förum yfir mörg mál, sem að skiptu máli í uppgjörinu, ég þræti fyrir það að ég hafi kvittað upp á lokafærsluskjal út af þessu. En hinsvegar farið yfir bókhaldið með endurskoðandanum. Má ég sjá hvar hann segir það?

AJ. Við erum að kynna þér það, það er í yfirheyrslu hér sem hann gerir grein fyrir því þegar hann er spurður um þennan texta.

JJ. Ég stimpla ekki inn þennan texta.

AJ. Nei þú hefur aldrei verið spurður um það hvort þú hafir stimplað þennan texta og aldrei verið heldur spurður um það hvort þú hafir kvittað fyrir lokafærslum. Þú hefur hinsvegar ítrekað verið spurður um það hvort að þú hafir gefið honum þessar upplýsingar sem hann byggir þennan texta á?

JJ. Hvort ég hafi gefið honum, látið hann hafa gögnin til þess að bóka eftir?

AJ. Skilurðu ekki spurninguna?

JJ. Ég skil alveg spurninguna. Ég fer yfir mörg mál sem koma að uppgjörinu.

AJ. Gafstu honum upplýsingar um þennan tiltekna kreditreikning?

JJ. Ég lét hann ekki hafa þessi skjöl, ef þú ert að spyrja mig um það.

AJ. Nei nei, ég er ekki að spyrja þig um það. Hann færir þetta samkvæmt upplýsingum frá þér, segir hann hérna, bæði í færsluskjalinu og í vitnayfirheyrslu hér hjá okkur, endurskoðandi fyrirtækisins.

JJ. Nei nei, það er farið yfir miklu fleiri mál, menn fara yfir, er þetta inni, er þetta inni eða er þetta út, eða hvernig er þetta gert, hann hlýtur að vera að vitna einhverrar svoleiðis vinnu. Ekki það að sérstaklega sé beðið um þessa færslu frá mér.

AJ. Hann segir að þú hafir komið með þennan tiltekna kreditreikning eða upplýsingar um hann og þau viðskipti sem voru á bak við hann, í lokavinnu þegar verið er að búa til lokafærslurnar, og þá hafi hann fært þetta og gert þennan texta.

JJ. Já já, þetta er í lokavinnslu uppgjörsins sem er farið í þessa vinnu og þar situm við allir á fundi.

AJ. En þú minnist þess ekki sérstaklega?

JJ. Ég minnist þess ekki að hafa komið hérna, "færðu þetta vinur".

SM. En þessi færsla í bókhaldi Baugs sem er fylgiskjal merkt I/00743, hún er færð á bókhaldslykilinn, "tekjur utan samstæðu án virðisaukaskatts" debet og kredit á bókhaldslykilinn "biðreikning". Þetta virðist vera framkvæmt þann 17.10.2001, en dagsetningin á færslunni er 30. júní 2001. Þannig að það er spurning hvort þú getir skýrt það af hverju þessi ætlaða tekjufærsla er gjaldfærð í upphafi í bókhaldi Baugs?

JJ. Það kemur skýrt fram á reikningunum að þetta er kreditfærsla.

SM. En kanntu einhverja skýringu af hverju þetta er fært til gjalda?

JJ. Nei enga, þetta er ekki fært til gjalda.

SM. Þetta er samkvæmt bókhaldinu í upphafi.

JJ. Þá eru það bara einhver mistök í færslu. Það kemur skýrt fram á þessum skjölum hvaðan þau eru.

AJ. Ef þetta er fært svona eins og þú sérð á færsluskjalinu, þetta er debet á tekjur utan samstæðu og kredit á biðreikning, það er gjaldfærsla.

JJ. Nei nei, það er alveg klárt hvernig þetta lítur út í uppgjörinu á þessum tíma, það er algjörlega klárt.

AJ. Þú sem sagt hefur ekki skýringu á því af hverju þetta er gjaldfært?

JJ. Nei, ekki nema bara einhver mistök í færslum. Gögnin, hefði þetta verið fært svona, þá hefðum við ekki verið að færa þetta rétt eftir þeim gögnum sem lágu fyrir.

SM. Þetta er samkvæmt lokafærsluskjalinu frá endurskoðandanum.

JJ. Hvenær er þetta, er þetta gert fyrir þetta skjal, eða hvernig er þetta?

SM. Nei, lokafærsluskjalið frá KPMG, er dagsett 29.9.2001 og færslan sjálf í bókhaldinu hjá ykkur á sér stað hérna, eins og þú sérð á þessu skjali hérna. 17.10.

JJ. Það kemur alveg skýrt fram hvernig á að færa þetta í lokafærslunni.

SM. Já það kemur hérna fram að þetta á að vera kostnaður seldra vara og kröfu á móti.

JJ. Þannig að þetta er þá bara einhver mistök í færslu.

SM. Þannig að þú kannast við að þessi færslumáti hafi átt að vera eins og lokafærsluskjalið frá..

JJ. Þetta eru kreditreikningar, það stendur á þeim.

AJ. Reyndar stendur á honum conmercial invoice ekki kredit invoice. Kreditreikningar frá Nordica sem eru færðir í bókahaldi Baugs hafa textann í hausnum kredit invoice og númerið, en þessi sker sig úr að því leyti til að það stendur í honum conmercial invoice, en síðan í textanum er það skýrt út að hann sé ekki kreditreikningur. Það má vera að það hafi villt fyrir, neðst líka já.

JJ. En fyrsta sem þið spurðuð þegar þið sáuð skjalið, þið spurðuð Jón, það var það af hverju kynnir Jón þetta sem sölureikning þegar um kreditreikning er að ræða. Þið sáuð það alveg strax og þið sáuð skjalið.

SM. En svo er fylgiskjal númer I/00751 í bókahaldi Baugs, þar sem virðist eiga sér stað leiðrétting á þessari færslu og hún er framkvæmd 30. október 2001, með þessu fylgiskjali hérna, og færslan er framkvæmd þannig, að hún er bakfærð upphaflega færslan en svo færð aftur og þá er hún færð kredit á tekjur utan samstæðu án virðisaukaskatts og debet á biðreikning. Í lok október 2001 er þá, þú stillir þessu þannig upp í bókhaldinu, að þetta er tekjufærsla.

JJ. Já, enda er þetta, sýndu mér hitt skjalið sem þú ert með frá endurskoðandanum. Þetta stemmir alveg við það sem endurskoðandinn er að fara fram á, er það ekki?

SM. Jú jú það stemmir við það. Þannig að upphaflega færslan til gjalda er mistök?

JJ. Alveg klárlega, ef að þetta hefur verið gert svona, af því að hérna kemur bara fram, endurskoðandinn hefur þetta lokaorð, hann er með lokafærslur, þannig að ég held að það sé lang best að spyrja aðilann sem að fór að færa þetta á sínum tíma hvernig þetta..

SM. Já, við höfum spurt hann út í þetta.

JJ. Og hvað sagði hún?

SM. Hún segir að þetta séu mistök. En af hverju er þetta fært á biðreikning?

JJ. Ég hef enga hugmynd um það, af hverju þetta er fært á biðreikning, þar sem viðskiptalyklarnir eru klárlega til í bókhaldinu.

AJ. Komst þú ekkert nálægt því að..?

06962

JJ. Nei, ekki frekar en öðrum færslum. Ég bara ætlast til að hlutirnir séu færðir samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Það er sú skylda sem ég legg á ytri endurskoðendur að passa og innri endurskoðendur.

AJ. En geturðu skýrt út fyrir okkur textann á þessu færsluskjali 751, leiðréttingunni. Það stendur þarna kreditreikningur frá erlendum birgjum samkvæmt JÁJ. Svo segir í (sjá ljósrit af reikningi dagsettum 30.6., færa hjá aðalskrifstofu 30.6., þegar greiðsla berst, bakfæra þá og færa þá Aðföngum 61,9 milljónir og Bónus 46,7 milljónir). Geturðu skýrt þetta?

JJ. Nei.

AJ. Veistu hvernig þessi texti hefur orðið til?

JJ. Líklegasta skýringin er sú að hvernig hafi átt að skipta þegar greiðslurnar kæmu inn í, hver átti að fá greiðslurnar, ég held það sé eitthvað svoleiðis, eitthvað mál í gangi, en ekki þegar greiðslurnar koma þá eiga þær að færast sem tekjur á þessar einingar, eða inngreiðsla. Ég veit ekkert hvernig þau hafa verið að hugsa um hvernig greiðslan skiptist. En er þetta ekki sirka þannig að þá Færeyjareikningurinn var út af Bónusinnkaupunum á kaffi, þannig að það ætti að færast sem tekjur Bónusmegin. Það er það sem að ég les út úr þessu.

SM. Við erum með svo tölvupóstsamskipti þar sem að Jóhanna Waagfjörð hefur sent á þig og Tryggva þann 26. október 2001. Jóhanna Waagfjörð er þá komin þarna inn sem fjármálastjóri hjá Baugi. Hún sendir ykkur þá spurningu, svo ég lesi bara orðrétt það sem hún segir í þessum tölvupósti. "Blessaður Jón Ásgeir. Ég er með nokkur mál sem ég þarf skýringar á; 1. Tekjufærsla 30.6. vegna afsláttar frá Nordica, tæpar 62 milljónir króna. Kemur greiðsla frá þeim eða eigum við að skuldajafna þetta við innkaupin hjá Aðföngum? Mér skilst að við séum að greiða til þeirra í hverjum mánuði um 2 milljónir króna. Þessi færsla var bókuð á biðreikning og við þurfum að ganga frá þessu á rétta staði. 2. Tekjufærsla 30.6. vegna Share of marketing support from Dagrofa frá SMS um 46,7 milljónir króna. Hvernig er með þessa greiðslu, fáum við frá SMS þessa peninga eða???? Þetta er líka á biðreikningi og þarf að ganga frá. Hvað gerðist í framhaldi af þessum tölvupóstsamskiptum?

JJ. Ég man það ekki.

SM. En kanntu skýringar á því að fjármálastjórinn á þessum tíma virðist ekkert vita um þessa tvo kreditreikninga eða..

JJ. Hvenær byrjaði hún Jóhanna?

SM. 1. september 2001.

JJ. Var það ekki eftir að þetta gerðist, þessi færsla?

SM. Hún sendir þennan tölvupóst 26. október 2001, hún er þá búin að vera þarna í tæpa 2 mánuði.

JJ. Ætli hún hafi ekki bara farið yfir öll mál, ég kann ekki frekari skýringu á því.

Þá þurfum við að gera hlé vegna tækjanna. Klukkan er 12:40.

AJ. Klukkan 12:46 er yfirheyrslu haldið áfram.

SM. Nú síðast vorum við að tala um tölvupóst frá Jóhönnu Waagfjörð og þú skýrðir frá að þú hafir ekki munað hvað gerðist í framhaldinu en við erum svo með hérna færslu frá bókhaldi Baugs, sem tengist lokafærslum við 12 mánaða uppgjör og kemur frá endurskoðendum Baugs en þar er skv. fylgiskjali I00838, sem byggir á lokafærsluskjali frá KPMG. Leiðrétt bakfærsla á þessari tekjufærslu upp á 108 milljónir sem færð var þarna í júní, 30. júní, þá er hérna merkt nr. 1, þá er verið að bakfæra 60 milljónir af 108 og skýringartextinn er lokafærsla 1, bakfærður kreditreikningur frá SMS skv. TJ/JJ, 60 milljónir. Færslan er færð debet á bókhaldslykilinn, tekjur utan samstæðu án virðisaukaskatts og kredit á bókhaldslykilinn biðreikning. Og þar sést færsla í bókhaldinu hjá Baugi sem virðist eiga sér stað þann 11. apríl 2002. Það er spurning hvort þú getir gert grein fyrir þessari bakfærslu og á hverju hún hafi byggt.

JJ. Er þetta ekki bakfærsla á SMS reikningnum?

AJ. Það er spurning.

JJ. Ég hefði haldið það.

SM. SMS reikningurinn er færður í...

JJ. Ég vitna í skýringartextann.

SM. Já, en ef maður skoðar SMS reikninginn þá er hann að fjalla um 46,7 milljónir, tæplega. Þannig að það vekur upp spurningar þegar verið er að bakfæra 60

milljónir, byggt á því og svo þessi skýringartexti sem fylgir í kjölfarið „Upphæð reikningsins var hærri. Leiðréttur mismunur í janúar 2002."

JJ. Ég kann ekki skýringuna. Ekki nema menn hafi verið að setja „böffer" á móti einhverju öðru. Það getur verið að þarna séu bara almenn viðskipti þarna, leiðrétting, líka. Þannig að endurskoðanda var skylt að taka ákveðinn hluta útistandandi á viðskiptakröfur og færa sem ...Þú veist ef að viðskiptakröfurnar standa ekki undir sér að þá er til pottur til þess að mæta því eins og kemur fram í ársreikningum félagsins. Ég veit ekki hvort að þarna er sama talan en það er yfirleitt gert í svona lokafærslum.

SM. En þarna er sagt í skýringartexta með færslunni að þetta sé bakfærsla skv...

JJ. Ég kann alveg að lesa.

SM. Skv. þér og Tryggva.

JJ. Ég er bara að skýra út hvað ég held að hafi gerst.

SM. Já, en þess vegna er ég að spyrja þig um hvort að þú kunnir ekki neinar betri skýringar á þessu af því að þetta er sagt..

JJ. Ég kann þessa skýringu.

SM. Þetta er sagt fært út frá þinni skýringu og Tryggva.

JJ. Ég kann þessa skýringu að þetta sé SMS bakærslan og þarna gæti verið einhver „böffer" vegna annarra viðskiptamanna sem eru að færast með...Það er það sem að mér dettur helst í hug.

SM. Af hverju er það ekki skýrt í færslutextanum?

JJ. Þessir skýringatextar eru...Vitið þið t.d. hvað RC er? Þetta eru 20 stafir eða eitthvað svoleiðis sem þú getur sett í línuna en ég kann ekki skýringu á því.

AJ. Heldurðu að það sé ekki fylgiskjal á bakvið færsluna?

JJ. Jú, væntanlega.

AJ. En ætti það þá ekki að koma fram í fylgiskjalinu hvers eðlis færslan er?

JJ. Væntanlega. Er ekki fylgiskjal?

AJ. Þetta er fylgiskjalið sem þú ert að horfa á 838.

JJ. Bíddu 838..

AJ. Það sem er þarna á fyrstu blaðsíðunni.

JJ. Þetta.

AJ. Já.

JJ. Já.

AJ Þetta er fylgiskjalið.

JJ. Já, ókey.

SM. Af hverju voru ekki þessir kreditreikningar tveir eða sem sagt kreditreikningurinn á Nordica og þetta skjal frá SMS á meðal fylgiskjala í bókhaldi Baugs?

JJ. Var það ekki?

SM. Nei.

JJ. Ég kann ekki skýringuna nema út af Nordica reikningnum. Eins og ég sagði að ég taldi að hann hefði verið farinn í innheimtuprocess en SMS, hann fór bara inn „non issue" reikningur í raun, vegna þess að hann fer inn og út úr okkar bókhaldi vegna þess að það varð ekki af þessum viðskiptum.

AJ. Kom einhvern tímann frumrit af Nordicareikningnum til Baugs?

JJ. Ég kann ekki þá sögu. Ég opna ekki reikninga eða póstinn til félagsins.

SM. En ef að reikningurinn er að fara í innheimtuprocess eins og þú orðaðir það, ekki er hann tekinn bara úr fylgiskjalamöppunni og ekkert sett í staðinn og engin skýring?

JJ. Ég bara kann…ja það hlýtur að vera skýring í færslunni.

SM. Já, það er til færsluskjal eins og við höfum verið að sýna þér en sjálfur reikningurinn var ekki finnanlegur og það hefur verið staðfest af innra eftirliti og fjármálastjóra að hann lá aldrei fyrir í bókhaldi Baugs.

JJ. Það held ég að sé ekki rétt vegna þess að hann hlýtur að hafa legið fyrir þegar þetta var bókað. Eftir hvaða skjölum var þá…

SM. Já, en ekki á meðal fylgiskjala í bókhaldinu, fylgiskjalamöppum til dæmis. Það var ekki þar.

JJ. Eins og ég segi, ég geri það ekki að atvinnu að fara yfir að fylgiskjöl fylgi hverju einasta skjali sem er í bókhaldinu en hins vegar er ég með fólk í vinnu sem að sjá til þess að svo er.

SM. Já. Stefán Hilmarsson endurskoðandi segir að hann hafi ekki verið með þetta skjal. Hann bókar að þetta sé eftir þér.

JJ. Hm..

06966

SM. Starfsfólkið segir að það hafi ekki verið á meðal fylgiskjala í bókhaldinu en færslan er skv. upplýsingum frá þér.

JJ. Þegar ég kem hérna með ljósritið…

SM. Bíddu aðeins. Þannig að við spyrjum eðlilega þig að því, sem allir vísa á hvar þessi skjöl hafi verið.

JJ. Já, já, en eins og ég segi að þegar ég kom hérna með kreditreikninginn, þá fékk ég afrit af honum hjá okkar endurskoðanda af því ég bað hann um að afla þeirra gagna. Þannig að það kom skýrt fram þegar ég og það fylgdi bréf frá KPMG með því þegar ég lagði hann fram þannig að þetta var ekki eitthvað sem að ég geymdi í skúffunni hjá mér.

SM. Þú hefur sem sagt ekki verið með þessi gögn hjá þér?

JJ. Nei, nei, enda kemur það fram þegar ég lagði hann fram á sínum tíma hvaðan hann kom. Hann kom eftir gagnaöflun hjá endurskoðun þannig að það er ekki…

SM. Þannig að endurskoðandinn var með reikninginn segirðu?

JJ. Ja, eina sem ég bað endurskoðandann um þegar þetta klúður byrjaði, að aflaðu mér…af því að um leið og ég heyrði tölurnar sem voru í gangi, þá kveikti ég að menn voru að taka debet sem kredit. Þú veist, þetta var orðin einhver þvæla. Og ég sagði: „Heyrðu Stefán, finndu afrit af þessum reikningi, útbúðu þetta skjal sem að sýnir hvernig þetta er fært hjá okkur og ég ætla að fara með það á fund ykkar." Þannig gerðist þetta. Þannig að ég veit ekki hvar Stefán fékk skjalið. Væntanlega hefur hann fengið það úr bókhaldi Baugs.

SM. En þessi 60 milljón króna bakfærsla.

JJ. Já.

SM. Og skýringartextinn þar með, þar sem segir að upphæð reikningsins var hærri. Leiðréttur mismunur í janúar sem virðist frekar eiga við kreditreikning á Nordica sem var 61, eitthvað milljón.

JJ. Nei. Það er klárt.

AJ Það er alveg öruggt mál?

JJ. Það er algjörlega á tæru.

AJ. Það hefur ekki átt að bakfæra Nordicareikninginn?

JJ. Nei. Það er alveg klárt.

SM. En hvernig skýrirðu þá þessa rangfærslu að vera að kreditfæra SMS eða bakfæra SMS reikning upp á 60 milljónir þegar hann er bara 46,7 milljónir?

JJ. Ég held að það sé verið að taka eitthvað..þú veist það er búinn til einhver „böffer" á móti útistandandi kröfu, einhverjum öðrum útistandandi kröfum.

AJ. Þú ert að meina að hún sé lækkuð þá? Einhver varúðarlækkun eða eitthvað slíkt.

JJ. Það er alltaf tekið á móti viðskiptamönnum, varúðarlækkanir í lokauppgjörum. Þið sjáið að þessi listi hérna..Hvar er hann? Þetta er fullt af varúðar...verið að fara gaumgæfilega í bókhaldið og færa niður.

AJ. Já, þetta geturðu lesið þig í gegnum skjalið en textinn í þessu skjali segir allt aðra hluti. Hann segir að reikningurinn sé hærri heldur en 60 milljónir.

JJ. Já, já..ég..Það er eina leiðin fyrir mig að skýra þetta. Ég veit fyrir „fakt" SMS peningurinn kom aldrei og það varð ekki af viðskiptum vegna þess að kaffi„dílerar" hérna heima stoppuðu þá og þess vegna var hann færður út. Það veit ég fyrir „fakt". Hvaðan þessar 20 milljónir...er kann ég ekki að skýra nema með þeim hætti að endurskoðandinn hafi tekið sem varúðarfærslu sem honum ber að gera. Ef hann telur óvíst um að einhverjar útistandandi kröfur félagsins innheimtist. Það er eina skýringing sem ég get sagt en ég get alveg hér og með...Það er fullvíst að þetta á við SMS reikninginn. Talan er ekki heldur stemmd nákvæmlega með því að vera að færa út Nordica.

SM. Nei, með viðbótarskýringunni. Upphæð reiknings var hærri, leiðréttur mismunur í janúar.

JJ. Ég kann ekki skýringu á því enda sló ég ekki inn þennan texta. Ég held að það sé ágætt að hann skýri það sá sem hann gerði.

AJ. Varðandi kannski SMS og við reynum að komast til botns í þessu alveg. Þessi viðskipti sem þú ert að vitna í, kaffiviðskipti, geturðu gert nánari grein fyrir því í hverju þau fólust eða þeim hugmyndum.

JJ. Þetta snérist um að ákveðið kíló sem við vorum búnir að fá pöntun, fengum við einhvern afslátt fyrirfram og það átti að koma þannig í gegn. Ég hef ekki sett mig mjög djúpt í þetta en þetta var afsláttur sem átti að fyrirframgreiðast vegna kaffiviðskipta.

AJ. Varst þú í einhverjum samskiptum við Færeyingana út af þessu máli?

06968

JJ. Nei.

AJ Hver sá um þetta mál?

JJ. Tryggvi hefur verið í svona mestum eða á þessum tíma var í mestu samstarfi við þá. Við vorum hins vegar búnir að reyna að „díla" við ákveðna heildsala í Færeyjum og ég man eftir því að á tíma Bónus, þá keypti ég oft ódýrt kaffi í gegnum Færeyinga án þess að íslenskir heildsalar kæmust að því en þetta eru gríðarleg viðskipti. Þetta eru viðskipti upp á einhverjar 300-400 milljónir á ári, bara dönsk kaffiinnkaup.

AJ. Ókey. Þannig að bakfærslan sem að þú segir að sé rétt hér, sem sagt SMS reikningurinn, tókst þú einhvern þátt í aðdraganda að þeirri bakfærslu eða samskiptum við…

JJ. Ég held að ég hafi bara séð eitthvað svona blað, þar sem var skýrt út fyrir mér hvað var að gerast.

AJ. Ókey.

JJ. Heyrðu, ég vil líka leggja mikla áherslu á það að ég fer rosalega djúpt ofan í ársuppgjörið en það er náttúrulega það sem að við erum dæmdir fyrir að og okkar fyrirtæki metið á, þannig að það er mjög mikil vinna lögð í það að hafa þetta rétt og á þeim tíma er tekin ákvörðun til dæmis um á móti kannski vafasömum viðskiptakröfum, að þarna á það að innheimtast, að þá er búinn til þessi „böffersjóður" til þess að taka þeim áföllum, þannig að þau færist ekki á það tímabil endilega þar sem að greiðslan á að fara fram. Ég veit ekki hvort að hann er að gera ráð fyrir að einhver hluti tapist af þessum Nordicareikningi. Ég skal ekki segja eða hvort að það er á móti einhverjum öðrum viðskiptakröfum en honum ber sem endurskoðanda að fara í gegnum viðskiptakröfur og meta hversu góðar þær eru.

SM Við erum með hérna tölvupóstssamskipti á milli þín og Jóns Gerald Sullenberger frá 3. júlí 2002, þar sem þú ert að senda honum yfirlit yfir skuldastöðu Baugs gagnvart Nordica sem viðhengi í tölvupóstinum og á því yfirliti er ekki hægt að sjá neitt tengt þessum kreditreikningi. Þar er bæði verið að tala um reikninga frá eða ógreidda reikninga frá Nordica, fyrirframgreidda reikninga og ofgreidda

06969

reikninga eins og þetta skjal ber með sér en það er hvergi hérna minnst á nokkurn kreditreikning eða kröfu vegna þess.

JJ. Þetta er bara út af Wal-Mart bréfinu, í framhaldi af því. Þannig að þetta var vegna viðskiptanna við Wal-Mart og ég get lagt fram bréf sem ég skrifaði þessum ágæta manni hjá Wal-Mart. Við gáfum honum algjörlega sömu yfirlýsingu á þessu. Ég skal bara senda ykkur hana.

SM. Það segir reyndar í texta hérna „Varðandi bréf þitt til Wal-Mart þá eru hérna upplýsingar frá bókhaldi Wal-Mart vegna þessara ákveðinna viðskipta við þá".

JJ. Þetta sama og kemur fram í bréfinu sem ég skrifaði þessum manni sem skrifaði mér bréfið. Þarna tel ég ekkert heldur fram það sem við höfum verið að styðja við hann eða neitt svoleiðis skilurðu. Þetta er bara vegna þessara viðskipta og þessa bréfs.

AJ. Þannig að það sem þú ert að telja upp hérna og þessir reikningar sem þú ert að vitna í í þessu viðhengi, er það eingöngu vegna þessara Wal-Mart viðskipta.

JJ. Nei, þetta kemur bara frá Aðföngum. Hann segir í bréfunum „vegna vöruviðskipta skuldum við Wal-Mart 400.000 dollara" eða Jón segir það. „Þeir þessir andskotar hafa ekki borgað mér þannig að ég get ekki borgað ykkur". Og þá set ég þetta í bréfið frá bara viðskiptakerfi Aðfanga til þess að sýna fram á þetta. Ég var ekki að setja fram..ég tók ekki saman hvort að hann skuldaði Hagkaup eitthvað eða Bónus eða Baugi Group. Þetta var bara Aðfangakerfið sem ég keyrði þarna út.

AJ. En nú eru sextíu og eitthvað milljónir vegna Aðfanga í þessum kreditreikningi.

JJ. Það er fært á aðalskrifstofur Baugs eins og hefur komið fram.

AJ. Já en af hverju er það ekki tekið fram og með inn í yfirlit hér?

JJ. Þetta er bara yfirlit sem ég bjó til í bréfi og sendi honum vegna þess að meginþorri þessara viðskipta var út af Wal-Mart og ég vildi bara sýna honum hvernig þessar færslur færu fram. Honum kom ekkert við hvað var annars að gerast í fyrirtækinu.

AJ. En þú ert að taka saman hér stöðu Nordica gagnvart Aðföngum?

JJ. Gagnvart Aðföngum á þessum viðskiptum.

AJ. Á þessum viðskiptum?

JJ. Ég sendi..

06970

AJ. Hvaða „þessum" viðskiptum?

JJ. Ég sendi, við Flemmings og Wal-Mart.

AJ. Nei, er þetta ekki heildarstaðan?

JJ. Nei, nei, þetta er ekki heildarstaðan. Það eru útistandandi kröfur bæði í bókhaldi Baugs Group og held ég Hagkaup á þessum tíma.

AJ. Nei, gagnvart Aðföngum.

JJ. Gagnvart Aðföngum?

AJ. Já.

JJ. Nei, nei, þetta er bara staðan á þessum viðskiptum, þessum vöruviðskiptum. Þessi texti er nákvæmlega inni í bréfinu sem ég sendi framkvæmdastjóra Wal-Mart þannig að ég er ekkert að tíunda um aðra samninga sem við höfum gert við Nordica enda koma þeir ekkert málinu við.

AJ. Þannig að þér fannst ekki ástæða til þess að geta þess þarna að það væru þar að auki skuldir þeirra við ykkur?

JJ. Nei, ekki frekar en ég tók það fram þarna að við værum að styðja við félagið og byggja það upp.

AJ. Nei.

JJ. En þetta er nákvæmlega sami textinn og er í bréfinu.

AJ. Já, akkúrat.

SM. En meira varðandi þessa tvo kreditreikninga. Eins og þú kannski veist að þá fórum við til Færeyja.

JJ. Já, eins og frægt er orðið.

SM Og þar var bókhald SMS rannsakað og við athugun kom í ljós að þessi kreditreikningur sem þeir gáfu út og þið byggðuð þessa tekjufærslu á er hvergi skráður í bókhaldi SMS og auk þess höfum við kannað bókhald Nordica og þessi kreditreikningur sem hann gefur út á sama tíma er þar hvergi skráður inn. Kanntu einhverja skýringu á því?

JJ. Enga. Ég hef skýringu á Nordica. Ég held að bókhaldið sé bara „bullshit" þar. Það er mín skýring. Ég held að SMS sé með mjög gott lag á sínu bókhaldi. Sem dæmi um hvernig bókhaldið hjá Nordica lítur út að þá hefur hann ekki greinilega sett í bókhaldið að hann skuldaði..fært sem sagt skuldir við birgja rétt.

SM. En að auki þá voru feðgarnir sem reka SMS í Færeyjum yfirheyrðir og þeir skýra báðir frá því við yfirheyrslur að þessi kreditreikningur SMS, sem er stílaður á Baug þarna og við erum hér að fjalla um, að hann sé gjörsamlega tilhæfulaus.

JJ. Það er ekki það sem ég hef fengið frá þeim.

SM. En þetta segja þeir við yfirheyrslu hjá lögreglu.

JJ. Má ég fá að sjá þá yfirheyrslu. Ég er með skýrslu frá stjórnarformanni SMS þar sem að það kemur allt fram.

AJ. Geturðu látið okkur hafa þessa skýrslu?

JJ. Já, það ætti að vera hægt.

SM. Þar sem hvað kemur fram?

JJ. Þar sem kemur fram hvað var í gangi og hvers vegna og hvað var spurt um og svo framvegis. Það er ekki með þeim hætti sem þú ert að segja. Þú hlýtur að hafa gögnin til þess að sýna mér.

AJ. Það liggja fyrir játningar þeirra tveggja, bæði Nils og Hans Mortensen um að þessi yfirlýsing þeirra sé tilhæfulaus.

JJ. Það er annað en ég hef heyrt.

AJ. Og komi ekki neinum viðskiptum við.

JJ. Það er bara allt annað en mér hefur verið tjáð þó við Tryggvi hafi verið í þessum samskiptum.

AJ. Við myndum óska þá eftir því að fá þessa samantekt endurskoðandans.

JJ. Ég skal reyna að finna þetta og senda ykkur.

AJ. Hvar er þessi samantekt segirðu?

JJ. Ég þarf bara að finna hana.

SM. En það vekur grunsemdir..

JJ. Það er kannski best bara að þú sendir þeim bréf og biðjir þá um að senda.

AJ. Við höfum yfirlýsingu frá endurskoðenda þeirra líka. Þannig að það er athyglisvert að heyra að þetta sé í andstöðu við það sem við erum að segja þér, af því að við erum þegar með yfirlýsingu frá endurskoðandanum.

JJ. Já.

AJ. Þannig að við myndum óska eftir því að fá þetta strax afhent.

06972

JJ. Strax, ég meina hringið bara í þá og fáið þetta afhent. Þeir bjuggu til skýrslu um málið.

AJ. Vilt þú ekki afhenda okkur þetta ef þú ert með þetta?

JJ. Ja..ég ..jú, jú, ég skal bara reyna að finna þetta.

AJ. Já.

JJ. Ég verð að komast út til þess að geta fundið þetta. En þú veist „bottomline" er að mér er ekki sögð þessi saga svona. Það er allavega það sem ég hef heyrt í mín eyru og heyrt Níls segja frá í mín eyru, að þá sé þetta ekki svona.

SM. Nei, nei en svona skýra þeir frá þessu við lögreglu plús það að þetta er ekki fært í bókhald félagsins.

JJ. Annað segja þeir mér. Ég verð bara...Á þessari stundu tek ég þá afstöðu út frá því sem þessir ágætu félagar okkar leggja á borð fyrir okkur.

AJ. Ókey.

SM. En það vekur nú grunsemdir að bæði það að það eru engin undirgögn með þessum tveimur kreditreikningum. Plús það að hvorugur þeirra stenst nánari skoðun nema með einhverjum viðbótarskýringum, þar sem tímabilið sem um er að ræða er í báðum tilvikum eitthvað sem passar ekki við þær skýringar sem svo komu. Plús það að bæði forsvarsmaður SMS og forsvarsmaður Nordica, segja báðir, allir þessir aðilar segja að þetta sé tilhæfulaust. Þetta sé allt tilhæfulaust. Hvernig skýrirðu þetta?

JJ. Ég hef allavega rætt við þessa menn. Ég hef haft lítil samskipti við þennan hérna nema að ég veit að ég kláraði þetta með þessum hætti. Það er bara önnur saga heldur en að þessi eru að tjá mér. Af hverju þessi viðskipti áttu að fara fram og hvers vegna þessi upphæð hafi komið.

SM. Ef þetta var eðlilegur kreditreikningur frá SMS, af hverju sjáum við ekki reikningsnúmer? Af hverju er þetta ekki á útgefnu reikningseyðublaði fyrirtækisins? Af hverju kemur þetta á einhverju skjalaformi með einhverjum skýringum..?

JJ. Þið verðið að spyrja þá sem að gáfu þetta út.

SM. En þeir segja bara að þetta sé tilhæfulaust.

JJ. Ég veit ekkert um þetta skjal nema að mér var sagt að það væri til með þessum hætti. Ég bað ekki um að fá að skoða það sérstaklega. Ég veit hins vegar allt um þetta hérna skjal og ég skal sko..Ég er algjörlega klár á því að það er gefið út með þeim hætti eins sagt er og var klárað þannig eins og ég...hefur komið fram.

SM. Þú ert að vísa í Nordicaskjalið?

JJ. Ég er að vísa í Nordicaskjalið og maður sem er búinn að ljúga upp á mig og hóta mér morði að ég gef bara ekki mikið fyrir hans orð þó að þið gerið það.

AJ. Að auki þess sem hann er að segja hann Sveinn um að þetta sé ekki til í bókhaldi. Við höfum rannsakað það sjálfir, bókhald bæði SMS og Nordica og tekið skýrslu af forráðamönnum.

JJ. Ég minnist nú þess að hafa séð skýrslur af SMS mönnum.

AJ. Nei, en þar að auki þá höfum við tekið skýrslur af öllu þessu fólki sem ég var að nefna áðan, vitnum sem höfðu starfað fyrir innkaupafyrirtæki Baugs. Við höfum rannsakað bókhald Aðfanga og bókhald Baugs og það eru hvergi sjáanleg nein undirgögn. Að auki þá fullyrða allir af þessum aðilum, framkvæmdarstjórar, fjármálastjórar og innkaupafólkið hjá innkaupafyrirtækjum Baugs að viðskipti þessara tveggja aðila hafi reglulega verið stemmd af og gerð upp.

JJ. Þá held ég eins og ég kom hérna inn á áðan, að það sé verið að tala um þegar við erum að koma inn. Þórður Þórisson, Guðmundur Marteinsson, Lárus Óskarsson, geta allir sagt að það voru veruleg vandræði með þessar vörur sem voru að koma frá Nordica. Þetta lá inni á lager hjá okkur, þetta voru vandræði og þetta var farið að mynda kergju í kerfinu. Hafið þið talað við þessa menn og spurt þá út í þetta?

AJ. Einhverja af þeim, já og þetta hefur ekki komið fram þar.

JJ. Nei. Það hefur allavega komið fram í mínum samtölum við þessa menn.

Helgi Jóhannesson hrl. spyr:

HJ Má ég spyrja að einu. Það hefur komið fram áðan í yfirheyrslunni með hvaða hætti þessar ákvarðanir um þessa kreditreikninga eru teknar. Þetta sé svona verið að afgreiða einhver vandamál út af borðinu. Af hverju finnst lögreglu þá eitthvað sérkennilegt að það séu ekki til einhver meiriháttar gögn þar á bakvið. Er það ekki einmitt af því að það er verið að klára málið með svona einhverjum einum

06974

hætti og þess vegna er mjög eðlilegt að það séu ekki einhver gögn sem hægt er að rekja beinlínis um hverja einustu krónu á bakvið. Miðað við þær skýringar sem að Jón Ásgeir hefur gefið hér fyrr í yfirheyrslunni.

JJ. Ég held að þessi reikningur sé bara kominn í innheimtu dómstóla í Bandaríkjunum....

AJ. Varðandi innheimtugögnin á þessum reikningi sérstaklega.

JJ. Hvaða reikningi?

AJ. Kreditreikningnum frá Nordica, sem að þú segir að sé kominn í innheimtu í Bandaríkjunum. Þá mundum við sömuleiðis óska eftir að fá þau gögn í hendur og sjá á hverju sú innheimta byggist. Það gæti að sjálfsögðu varpað frekari ljósi að það sem að við þurfum að reyna að upplýsa þannig að við óskum eftir því.

JJ. Þið munuð þá bara fá gögn af því..

AJ. Hvað segirðu?

JJ. Þið munuð væntanlega fá það þegar þau dómskjöl eru orðin klár. Hafið þið ekki fengið þau frá Jóni?

AJ. Hvað segirðu?

JJ. Hafið þið ekki fengið þessi gögn frá Jóni?

AJ. Nei, þú heyrir hvað ég er að segja. Við erum sem sagt að óska eftir að fá gögnin sem þið hafið sent inn í innheimtu...

JJ. Settu bara á blað þau gögn sem þú vilt fá aukalega og ég skal koma með þau til þín. Það er ekkert vandamál. Ég hef ekkert að fela fyrir þér en ég get ekki sýnt þau gögn sem eru ekki til.

AJ. Nei, nei, það er enginn að fara fram á þau. En öll þau gögn sem geta varpað ljósi á það sem við erum að tala um hér koma að hjálp og við óskum eftir að fá þau en að sjálfsögðu gerum við bara bréf og leggjum þetta fyrir þá væntanlega lögmann Baugs, ekki satt, eins og óskað er eftir en ef þér dettur í hug eitthvað annað sem getur skýrt það sem við erum að tala um..Þú sérð alveg mótsagnirnar?

JJ. Já, já, ég skil alveg að þið spyrjið ykkur spurninga en það er hins vegar eitt sem ég skil ekki „motivisionin" hvar hún kemur til. Það er það sem ég fæ ekki skýringu á. Af hverju ættum við að vera kalla eftir tilhæfulausum reikningum frá aðilum, þessum tveimur aðilum hérna sérstaklega ekkert frekar en einhverjum öðrum. Ég

06975

veit ekki hvort að þið hafið kannað það, það eru vissulega einhverjar kreditnótur útistandandi og bakfærðar í lok tímabila í öllum fyrirtækjum. Ég fullyrði það vegna þess að það eru tímabilslok og menn eru að gera upp afslætti og svo framvegis þannig að ég skil ekki „motivisionin" við það að gera þetta. Til hvers ættum við að vera taka við tilhæfulausum reikningum? Það er bara það sem að ég sé ekki.

SM. Í maí eða um mitt árið 2002, þá er byrjað að lota kostnað við væntanleg viðskiptarof eða það á að hætta viðskiptum við Nordica og það er byrjað að lota hugsanlegan kostnað við það hjá fyrirtækinu Baugi.

HJ. Hvað meinarðu með lotun? Gjaldfæra?

AJ. Gjaldfæra í lotun einu sinni í mánuði. Samtals er búið til fylgiskjal þar sem kom fram 49,5 milljón og það er lotuð 4,5 milljón á mánuði. Geturðu gert okkur grein fyrir því. Komst þú eitthvað að þessu?

JJ. Nei.

AJ. Þú kannast ekkert við það?

JJ. Nei, ekki nema það sé verið bara að taka varúðarfærslu gegn því að reikningurinn fáist ekki innheimtur. Hvenær er þetta segirðu?

AJ. Þetta er um mitt ár 2002 sem að...

JJ. Það stemmir í framhaldi af þegar krafan kemur frá Wal-Mart að þá fara menn kannski að sjá fram á að við séum ekki að fá okkar reikninga greidda eða þennan útistandandi kreditreikning þannig að það getur alveg stemmt að frá þeim tíma sé ákveðið að bara vera með það í varúð í félaginu. Ég kann ekki aðra skýringu á þessu en það.

AJ Með öðrum orðum, það er verið að afskrifa þennan reikning hægt og rólega?

JJ. Nei, nei, það er ekki verið að afskrifa hann. Að sjálfsögðu með allar viðskiptakröfur sem eru í okkar bókhaldi, þá myndum við reyna að innheimta þær til botns en ef að endurskoðandinn og innri endurskoðendur líta þannig á að það sé einhver hætta á að það náist ekki að innheimta. Þá ber þeim að taka varúðarfærslur, á þeim tíma sem þeim verður það ljóst og það getur þá verið í þessu tilfelli.

SM. Þú getur ekki svarað þessu alveg skýrt.

06976

JJ. Ég held að ég hafi ekki komið nálægt því að biðja um einhverja lotun á móti Nordica.

SM. Hvað með þessi viðskiptaslit á Nordica sem að þessi lotun virðist byggjast á. Hvað ákvarðanir voru teknar um að slíta viðskiptum við Nordica á þessum tíma?

JJ. Hvaða ákvörðun?

SM. Já eða hvernig.

JJ. Ég held að það hafi bara verið tekið þannig að það var mat innkaupamanna að þessi vinna við að byggja upp þessi viðskiptasambönd í Bandaríkjunum væru ekki að skila sér með nógu góðum hætti og þeir ítrekuðu það fyrir okkur Tryggva því að við Tryggvi vorum seldir inn á þetta að þetta gæti alveg gengið upp, samband við Wal-Mart og góð sambönd við Flemmings og tengdum þetta Bonus Stores, að þetta gæti verið tenging þar áfram og þess vegna ákváðum við að styðja við dæmið eins og við höfum gert í öðrum tilvikum þar sem við höfum trú á því að viðskiptahugmynd sé að byggjast upp og skila okkur arði seinna meir en innkoman sannfærði okkur um það að þetta væri ekki hagfellt fyrir fyrirtækið og því fór sem fór. Þannig að það er svona þessi..Ég var ekki beint í því...Ég bað þá yfirmenn fyrirtækisins á sínum tíma, sem sagt Baugs Ísland, að passa það bara að vera með arðsemi félagsins að leiðarljósi í þessum innkaupum eins og ég set öllum mínum innkaupamönnum fyrir og þetta er niðurstaðan.

AJ. En það liggur sem sagt ekki fyrir nein tiltekin ákvörðun eða afgreiðsla á því að slíta viðskiptum við Nordica?

JJ. Nei, það er engin svona stjórnarákvörðun „Nú hættum við við að versla við Nordica" það er ekki svoleiðis.

AJ. Nei.

JJ. Við erum að skipta um birgja á hverjum einasta degi. Menn verða misjafnlega fúlir en þessi fór yfir strikið.

AJ. Þá ljúkum við yfirheyrslu. Klukkan er...

Helgi Jóhannesson hrl. spyr:

HJ. Ég ætla að fá að segja nokkur orð í lokin. Ég ætla að fá bókað eftirfarandi: Í þessari yfirheyrslu hjá lögreglu í dag hefur verið vísað í ýmis gögn sem við höfum

06977

ekki fengið afrit af ennþá, meðal annars gögn varðandi rannsókn málsins í Færeyjum sem ítrekað var beðið um og þurfti nú að fara alla leið í dómstóla til að fá úr en því var hafnað og eins hefur verið vitnað hér í skýrslur yfir starfsmönnum Baugs og fleira sem lögreglan hefur verið að vinna að síðustu mánuði. Úr því að þetta eru þá greinilega orðin partur af gögnum málsins eins og þið túlkið það, þá geri ég núna kröfu um það að þessi gögn öll verði skilyrðislaust afhent mér í afriti.

AJ. Klukkan er þá 13:18 og yfirheyrslu er lokið.

20. mars 2003, kl. 9[15] er Jón Ásgeir mættur ásamt skipuðum verjanda sínum Helga Jóhannessyni, hrl. til að yfirfara og undirrita endurrit skýrslunnar.

Jón og Helgi hafa lesið skýrsluna yfir og gera ekki athugasemdir nit endurritit.

Staðfest rétt:

[signature]

Skýrsluna skráði:

Arnar Jennan

Vitstaddir yfirheyrslu og undirritun:

[signature]

G. Mag.

STAÐFESTING LJÓSRITUNAR
Ljósrit af frumriti
20 MAR 2003
Ríkislögreglustjórinn

06978